
FÉLAGSVÍSINDA- OG LAGADEILD

Samstarf tónlistarskóla og grunnskóla

Kostir þess og gallar

Ritgerð til MA gráðu í menningarstjórnun
Nafn nemanda: Jóhanna Marín Óskarsdóttir
Leiðbeinandi: Dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir
Vetur - 2018



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Staðfesting lokaverkefnis til meistaragraðu

Lokaverkefnið

titill

eftir

nafn námsmanns og kennitala

hefur verið metið og varið á málsvörn
frammi fyrir dómnefnd tveggja dómnefndarmanna
samkvæmt reglum og kröfum Háskólans á Bifröst
og hefur hlotið lokaeinkunnina _____ .

Stimpill skólans

FÉLAGSVÍSINDA- OG LAGAEILD

Samstarf tónlistarskóla og grunnskóla

Kostir þess og gallar

Ritgerð til MA gráðu í menningarstjórnun
Nafn nemanda: Jóhanna Marín Óskarsdóttir
Leiðbeinandi: Dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir
Vetur - 2018

Stimpill skólans

ÚTDRÁTTUR

Á undanförunum árum hafa orðið töluverðar breytingar á landslagi tónlistarkennslu á Íslandi. Með tilkomu einsetningu grunnskólanna kallar samfélagið í síauknum mæli á samrekstur og samstarf milli skólanna og sífellt fleiri tónlistarskólar eru færðir inn í grunnskólana eftir mismikinn undirbúning eða skipulag. Tilgangurinn með rannsókn þessari er að skoða hvernig samstarfi milli grunnskóla og tónlistarskóla er háttað, hverjir kostir þess og gallar eru og hvaða áhrif það hefur á tónlistarkennsluna. Einnig verður skoðað hvort verið sé að fara eftir tilmælum í lögum og Aðalnámskrá tónlistarskólanna varðandi aðstöðu til kennslunnar sem og gerð skólanámskrár.

Notast er við grundaða kenningu í þessari rannsókn og skipa eigindleg einstaklingsviðtöl þar stærstan sess. Tekin voru viðtöl við átta einstaklinga sem starfa í tónlistarskólum er eiga í nánú samstarfi við grunnskólana. Til að fá sem besta yfirsýn var ákveðið að fá viðmælendur sem gegna ólíkum stöðum svo sem kennarar, deildarstjórar og skólastjórar og sem koma úr skólum frá flestum landshlutum. Niðurstöður viðtalanna voru síðan flokkaðar og bornar saman við fræðilegan kafla rannsóknarinnar.

Benda niðurstöður til þess að þrátt fyrir að tónlistakennarar séu almennt ánægðir með að kenna tónlistartímana inn í grunnskólunum er að greina undirliggjandi starfsóánægju, sérstaklega hvað varðar aðbúnað, aðstöðu og samstarf en samstarfi og samskiptum milli skólanna er virkilega ábótavant og eru tónlistarskólarnir ekki að fara eftir þeim kröfum sem settar eru fram bæði í lögum sem og Aðalnámskrá tónlistarskólanna.

Lykilorð: Tónlistarnám
Samstarf tónlistarskóla og grunnskóla
Skólanámskrá
Starfsánægja tónlistarkennara

ABSTRACT

There have been some great changes in the landscape of music education in Iceland in the past few years. With the primary school act the community calls for more joint venture and cooperation between the schools and more and more music schools are being transferred in to the elementary schools after varying preparation and structure. The object of this study is to look at how the cooperation between the elementary and the music schools is working and what the benefits and the downsides are and how it is effecting the teaching in the music schools. Laws and curriculum concerning the schools will also be looked at and studied whether they are being followed concerning facilities for music teaching and if schools have any school curriculum.

In this study grounded theory was used and do the qualitative individual interviews play the biggest part. Interviews were taken with eight individuals who work in music schools and have close cooperation with the elementary schools. To get the broadest perspective the schools that were picked are scattered throughout the country and the individuals were both teachers, head manager and principals. The results of the interviews were then coded and compered to the theoretical chapter of the study.

The results indicate that even though the music teachers are generally happy with teaching music in elementary schools it is easy to detect underlying job dissatisfaction, especially concerning facilities, teaching conditions, and cooperation. Communications and cooperation are minimal, and music schools are not fulfilling demands that are stated in laws and music school's curriculums.

Keywords: Music education
Cooperation between music schools and elementary school
School curriculums
Music teachers job satisfaction

ÞAKKIR

Fyrst af öllu vil ég þakka viðmælendum mínum kærlega fyrir að hafa gefið sér tíma í viðtölin og fyrir að leyfa mér að nota þau í þessa rannsókn. Sigrúnu Grendal færi ég bestu þakkir fyrir upplýsingar og aðstoð. Önnu Hugadóttur og Kristínu Höllu Bergsdóttur þakka ég uppörvun, upplýsingar og annan fróðleik. Bróður mínum Alberti Sölva Óskarssyni færi ég þakkir fyrir upplýsingar og uppbyggjandi samræður um tónlistarkennslu á Íslandi. Sigrún Lilja Einarsdóttir hefur verið leiðbeinandi minn í þessu verkefni og færi ég henni dýpstu þakkir fyrir ómælda hjálp og þolinmæði í minn garð. Himnaríkisfélagunum og öðrum samnemendum mínum þakka ég fyrir samveruna, tæknihjálp í neyð og almenna uppörvun og félagsskap og sérstaklega Hróðný Kristínar Kristjánsdóttur fyrir stuðning, yfirlestur, margvíslega aðstoð og uppörvun. Maríönnu Clöru Lúthersdóttur þakka ég kærlega yfirlestur og ábendingar. Foreldrum mínum þakka ég fyrir stuðninginn og móður minni sérstaklega fyrir að hlusta á tuðið í mér og að hvetja mig áfram. Mestu þakkirnar fær þó fjölskyldan mín fyrir að þola mig þessa síðustu mánuði. Eiginmanni mínu Vigni Má þakka ég fyrir að trúa á mig, ýta mér áfram og hvetja. Eins þakka ég börnunum mínum, Hrafni, Katrínu og Spóa fyrir þolinmæðina og bið þau fyrirgefningar á geðvonskunni.

Hjartans þakkir fyrir mig.

EFNISYFIRLIT

Útdráttur.....	i
Abstract.....	ii
Þakkir	iii
1. Inngangur	1
1.1. Lýsing á viðfangsefni.....	1
1.2. Rannsóknarspurningar og rannsóknarmarkmið	2
1.3. Kynning á fræðilegum bakgrunni	3
1.4. Kynning á aðferðafræði rannsókna	4
1.5. Rökstuðningur fyrir vali á viðfangsefni.....	5
1.6. Uppbygging ritgerðar	7
2. Fræðilegur bakgrunnur.....	8
2.1. Tónlistarfræðsla á Íslandi	8
2.1.1. Tónlistarkennsla (Hlutverk tónlistarskóla)	8
2.1.2. Tónmenntakennsla (Hlutverk grunnskóla)	11
2.1.3. Samþætting skólastiga.....	12
2.2. Skýrslur og rannsóknir.....	16
2.2.1. Tónlistarnámið og samstarf skólanna	16
2.2.2. Stjórnun tónlistarskólanna	20
2.2.3. Hnignum tónlistarnámsins	21
2.2.4. Áhrif tónlistarkennslu á námsárangur	24
2.3. Stefnumótun og markmiðsetning í sameiningu skólanna	25
2.4. Horft til Norðurlandanna	27
3. Aðferðafræði rannsókna	29
3.1. Þátttakendur rannsókna	29
3.2. Hönnun á rannsókn og rannsóknarnálgun	30
3.3. Lýsing á rannsóknaraðferð	31
3.4. Framkvæmd rannsókna og aðgengi að gögnum	32
3.5. Greining gagna	34
3.6. Réttmæti og áreiðanleiki rannsókna	35
3.7. Staða rannsakanda innan rannsókna	36
4. Niðurstöður.....	37
4.1. Innra starf tónlistarskólanna	37
4.1.1. Hlutverk tónlistarskólanna	37
4.1.2. Stefnumótun og markmið.....	40
4.2. Tónlistarnemandinn	41

4.2.1. Aðhald og ástundun	41
4.3. Tónlistarkennarinn.....	44
4.3.1. Samvinna skólanna – kostir og gallar.....	44
4.3.2. Starfsánægja tónlistarkennara	47
5. Umræður og ályktanir	51
Heimildaskrá	56
Viðaukar.....	62
Viðauki 1 – Kynningarbréf til þátttakenda	62
Viðauki 2 – Spurningarammi fyrir viðtöl	63

1. INNGANGUR

1.1. LÝSING Á VIÐFANGSEFNI

Tónlistarskólar á Íslandi geta rakið sögu sína aftur til 1930 þegar Tónlistarskólinn í Reykjavík var stofnaður. Þeir hafa löngum verið virtir fyrir starf sitt og skilað hæfu og góðu tónlistarfólki bæði í framhaldsnám og út í samfélagið og atvinnulífið. Undanfarin ár hefur staða þeirra hins vegar verið að breytast. Með einsetningu grunnskólanna minnkar tíminn bæði til annars náms sem og tólmstundastarfs utan skólatíma og samfélagið kallar á aukna samþættingu og samrekstur skólakerfa. Um þetta fjalla þeir Þórir Þórirsson og Sigurgrímur Skúlason, í skýrslu sem gerð var fyrir Fræðsluráð Reykjavíkur um *Hljóðfæranám sem hluti af samfelldum skóladegi – Tilraunaverkefni í nýu grunnskólum í Reykjavík skólaárið 2001-2002* og tala þeir um að brýn nauðsyn sé á fundin sé lausn á þessum vanda (Þórir Þórirsson og Sigurgrímur Skúlason, 2002). Tónlistarskólar landsins eru í síauknum mæli færðir inní grunnskólana og starfsemi þeirra látin flæða inní stundartöflur nemenda. Nemendurnir eru teknir úr almennum kennslustundum einu sinni til tvisvar sinnum í viku til þess að sinna hljóðfæranáminu og þá eru samspil og bóklegir tímar eins og tónfræði eftir. Tónlistarskóli Húsavíkur og grunnskólinn Borgarhólsskóli, áður Barnaskóli Húsavíkur hafa átt í hvað lengsta samstarfinu hér á landi eða frá árinu 1972. Upphaf samstarfsins má rekja til þess að lengst af störfuðu þeir í sama húsnæðinu en árið 1972 byrjuðu nemendur að fara úr kennslustundum í grunnskólanum í tónlistartíma. Þetta þótti takast það vel að árið 1992 var komið á formlegu samstarfi milli skólanna (Tónlistarskóli Húsavíkur, 2006).

Ávinningurinn sem hlotist getur af slíku samstarfi eða samþættingu er til að mynda fjárhagslegur þar sem hægt er að koma kennslunni að mestu fyrir á dagvinnutíma og minnka þannig yfirvinnu tónlistarkennara. Einnig kemur til hagræðing og samnýting bæði á stjórnendum, húsnæði og aðstöðu. Í *Aðalnámskrá tónlistarskólann* (almennur hluti, 2000) kemur fram að meðal samfélagslegra markmiða tónlistarskólanna sé að veita öllum þeim færi á að kynnast tónlistarnámi af eigin raun, sem þess óska. Eins telur Félag tónlistarskólakennara að allir einstaklingar eigi að hafa jafnan aðgang að tónlistarnámi óháð fjárhag, búsetu eða menningarlegum bagrunni og hvetja til samvinnu skólastiga til þess að skapa meiri samfellu í skóladag barna (Félags tónlistarskólakennara, 2015).

Hinsvegar getur samþætting af þessum toga einnig hæglega skapað áreksstra þar sem oftast en ekki eru tveir skólastjórar starfandi í sama starfsumhverfi, ásókn í stofur eða sali eykst og óánægja skapast með að nemendur séu teknir út úr kennslustundum. Í skýrslu þeirra Þóris og Sigurgríms kemur þó fram að afgerandi meirihluti þeirra hópa, sem rannsókn þeirra náði til, þar með talið tónlistarkennarar voru sáttir við þetta fyrirkomulag og vildu framhald á samstarfinu (Þórir Þórirsson og Sigurgrímur Skúlason, 2002). Þrátt fyrir jákvæðni og samstarfsvilja tónlistarkennara er þó ýmislegt sem bendir til þess að starfsánægja þeirra sé ekki mikil.

Að samþætta svo ólíkar skólagærðir krefst undirbúnings, góðs skipulags og skýrrar skólafestnu, þar sem allir kennarar og stjórnendur eru fræddir um tilgang samstarfsins eða samþættingarinnar. Þeir þurfa að vera upplýstir og meðvitaðir um það hverju stefnt skuli að og vera samtaka í því. Þess vegna þarf samvinna og upplýsingaflæði bæði milli stjórnenda og kennara að vera góð.

Í *Leiðbeiningum* sem Samband íslenskra sveitarfélaga gaf út árið 2009 fyrir rekstraraðila vegna samreksturs leik-, grunn- og tónlistarskóla er talað um að það skuli tryggt í skipulagningu samrekstursins að hagsmunir nemenda skuli hafðir að leiðarljósi. En hver er það sem gætir hagsmuna nemendanna? Eflaust er það ekki í mörgum tilfellum sem að sveitarstjórn eða skólar taka ákvörðum um samstarf skólanna vegna hagsmuna nemendanna.

1.2. RANNSÓKNARSPURNINGAR OG RANNSÓKNARMARKMIÐ

Markmiðið með rannsókn þessari er að skoða hvernig samstarfi milli grunnskóla og tónlistarskóla sé háttað. Skoðaðir voru kostir og gallar samstarfsins, hvernig að samstarfinu er staðið og hvaða áhrif það hefur á sjálfa nemendurna. Einnig var skoðað hvort að tónlistarskólarnir séu að fara eftir Aðalnámskrá tónlistarskólanna varðandi gerð skólanámskrár, stefnumótunar og markmiða, ásamt fleiri kröfum sem settar eru fram í Aðalnámskránni varðandi skipulag kennslunnar. Að endingu var grenslast fyrir um hvernig vinnuástaða tónlistarkennara er og almenn líðan þeirra á vinnustað.

Leitast verður því við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningunum

- a) Er munur á ástundun og aðhaldi nemenda eftir því hvort tónlistarskólinn er starfræktur í sérhúsnæði eða í húsnæði grunnskóla?
- b) Eru tónlistarskólarnir að framfylgja kröfum varðandi stefnumótun og markmiðasetningu?
- c) Hvernig er samvinnan milli tónlistarskólans og grunnskólans háttáð og hvernig er að henni staðið?
- d) Er verið að framfylgja þeim kröfum sem settar eru fram í Aðalnámskrám og lögum um aðstöðu og aðbúnað kennara?

1.3. KYNNING Á FRÆÐILEGUM BAKGRUNNI

Til þess að skilja betur ástæðurnar fyrir samþættingu og samrekstri svo ólíkra skólastofnanna fannst rannsakanda nauðsynlegt að skoða ástæðurnar er liggur að baki slíkum tilfærslum sem og lagalegan bakgrunn. Því voru aðalnámskrár bæði grunnskólanna og tónlistarskólanna skoðaðar ásamt lagasetningum sem lúta að skólunum og samþættingu þeirra.

Aðeins ein rannsókn hefur verið gerð á gæðum list- og menningarfræðslu á Íslandi en sú rannsókn var gerð af Anne Bamford, prófessor og yfirmanni Engine Room við University of the Arts í London. Þessi úttekt var gerð á árunum 2008-2009 og gefin út af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu í apríl 2011. Þar sem þetta er eina úttektin á listfræðslu, sem gerð hefur verið á Íslandi, verður ekki hjá því komist að notast við hana í rannsókninni.

Árið 2009 lét Félag stjórnenda og kennara í tónlistarskólum gera greinagóða og viðamikla könnun á kerfi tónlistarskólanna í landinu. Í könnuninni er meðal annars farið yfir rekstrarform og fyrirkomulag á yfirstjórn skólanna, dreyingu tónlistarnámsins yfir landið og fjölda nemenda í tónlistarnámi. Aðstaða kennara er könnuð sem og samstarf tónlistarskólanna við aðra aðila. Þó að könnunin hafi ekki verið gefin út opinberlega hafa niðurstöður hennar verið kynntar á svæðisþingum tónlistarskóla og veitti formaður

Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum leyfi sitt fyrir því að notast yrði við könnunina í þessari rannsókn (Könnun FT, 2009).

Heilmargar erlendar blaðgreinar og rannsóknir fjalla á margvíslegan hátt um ávinning tónlistarnáms á gáfur og almenna getu barna til lærdóms. Ýmist er það talið til góðs að hafa tónlistarkennslu inn í grunnskólunum, þar sem hún veiti betri félagslegan anda og auki almenna færni til náms. Hins vegar er því haldið fram að áhrif tónlistarnáms á almennt bóklegt nám sé ekki hægt að mæla nákvæmlega og því sé ekki hægt að vita með vissu hvaða áhrif tónlistin og tónlistarnám hefur almennt á nám barna.

Ætla mætti að stefnumótun og markmiðssetning skipi einhvern sess í samþættingu og samstarfi svo ólíkra stofnana sem grunnskóli og tónlistarskóli eru. Stefnumótun í faglegu starfi skólanna var því skoðuð sem og hver tilgangurinn með stefnumótun og markmiðsetningu í skólastarfi og samstarfi milli skóla er.

Íslendingar hafa löngum horft til Norðulandanna til samburðar á lífsgæðum, menntun og atvinnu svo dæmi séu tekin. Mikið af íslensku tónlistarfólki hefur lagt stund á sitt framhaldsnám á Norðurlöndunum eða starfað þar við tónlistarkennslu. Því verður skoðað hvernig tónlistarnámi í Noregi og Danmörku er háttað. Einnig verður hlutur tónlistar skoðaður í nýrri námskrá sem gefin var út fyrir Kulturskolen í Noregi árið 2016.

1.4. KYNNING Á AÐFERÐAFRÆÐI RANNSÓKNAR

Samþætting og samstarf grunnskóla og tónlistarskóla hefur lítið verið skoðað, bæði ástæðurnar fyrir samstarfinu og sjálf útkoma þess, hvernig samstarfið milli skólanna gengur eða hvort yfir höfuð sé um eitthvert samstarf að ræða. Því þótti rannsakanda henta einna best að notast við eigindlegar rannsóknaraðferðir byggðar á grundaðri kenningu þar sem grunduð kenning býður upp á að farið sé fram og til baka í gagnaöflun og myndun kenningar. Hálf opin, eigindleg viðtöl voru notuð í rannsókninni, sem ýmist fóru fram augliti til auglitis eða í gegnum síma en reynt var að láta val á þátttakendum gefa sem víðtækasta sýn á aðstæðurnar og hafa sjónarhornin sem flest. Fyrst voru almennur hluti aðalnámskrá tónlistarskólanna og aðalnámskrá grunnskólanna, það sem

viðkemur tónmennakennslunni, skoðaðar nákvæmlega, ásamt lögum og lagafrumvörpum er viðkoma tónlistarskólunum og samþættingu skólanna. Einnig var farið yfir erlendar blaðgreinar og rannsóknir um tónlist í skólum og áhrif tónlistarnáms á almenna námshæfni. Næst var innihald viðtalanna flokkað og þeir flokkar síðan bornir saman við aðalnámskrár og lög. Að lokum voru niðurstöðurnar úr þeim samanburði bornar saman við erlendar greinar um tónlistarnám í grunnskólum og eins voru þær bornar saman við tónlistarnám á Norðurlöndunum og skoðað hvort um einhvern samhljóm væri þar að ræða.

1.5. RÖKSTUÐNINGUR FYRIR VALI Á VIÐFANGSEFNI

Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á starfsemi tónlistarskólanna hér á landi og gæðum tónlistarkennslunnar. Eggert Björgvinsson skoðar og metur stöðu stjórnsýslu í tónlistarkennslu grunn- og tónlistarskóla á Íslandi í meistararitgerð sinni árið 2014 (Eggert Björgvinsson, 2014) og þeir Þórir Þórisson og Sigurgrímur Skúlason gerðu skýrslu fyrir Fræðsluráð Reykjavíkur árið 2002 þar sem þeir rannsaka Hljóðfæranámið sem hluta af samfelldum skóladegi (Þórir Þórisson og Sigurgrímur Skúlason, 2002) þar af leiðandi hafa engar rannsóknir verið gerðar á samþættingu og samstarfi ólíkra skólastiga eins og grunnskóla og tónlistarskóla.

Einhvers misskilnings virðist gæta á því í hverju munurinn á tónlistarnámi og tónmennt felst og eru uppi hugmyndir um að tónlistarkennsla í grunnskólum geti leyst tónmenntina af hólmi eða að tónlistarkennarar geti hæglega tekið að sér tónmenntakennslu í grunnskólum. Tónmennt og tónlistarkennsla eru hins vegar afar ólíkar greinar og ekki allir tónlistarkennarar sem treysta sér til að fara úr einkakennslunni yfir í bekkjarkennslu tónmenntar. Hér er í raun um að ræða tvær kennslugreinar með mjög ólík markmið. Á meðan tónmenntinni er ætlað að veita nemendum almenna grunnþekkingu í tónlist og helstu tónlistarformum er tónlistarkennslan ætluð til hljóðfæranáms á ákveðið hljóðfæri og er þar af leiðandi mun sérhæfðari námsgrein en tónmenntin.

Með einsetningu grunnskólanna (Lög um grunnskóla, nr.91/2008) og yfirfærslu tónlistarskólanna á sveitarfélögin (Lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr.75/1985) breyttist landslag tónlistarkennslu á Íslandi. Því má segja að samrekstur

skóla sé nokkuð nýr af nálinni og hefur einungis verið skoðað í rannsókn þeirra Þóris Þórissonar og Sigurgríms Skúlasonar, hvernig samrekstur grunn- og tónlistarskóla kemur út gagnvart nemendum og gæðum kennslunnar en sú rannsókn náði til níu skóla og skólahljómsveita á Reykjavíkursvæðinu (Þórir Þórisson og Sigurgrímur Skúlason, 2002). Hagnýtt gildi rannsóknarinnar ætti því að vera nokkuð og koma bæði skólastjórnendum grunn- og tónlistarskóla sem og starsfólki sveitarfélaga til gagns og góða. Þar sem rannsakandi hefur starfað sem tónlistarkennari bæði í tónlistarskóla og grunnskóla fannst honum kjörið að skoða hvernig staðið er að samþættingu ólíkra skóla og hvernig hún kemur út gangvart nemendum og kennurum. Eins þótti rannsakanda áhugavert að skoða hvernig að samstarfi skólanna er staðið.

1.6. UPPBYGGING RITGERÐAR

Fræðilegur bakgrunnur er skoðaður í kafla 2 og munurinn á hugtökunum tónlistarkennsla og tónmenntarkennsla kynnt. Eins eru ýmsar rannsóknir og skýrslur skoðaðar sem og faglegt starf skólanna. Í kafla 2.1 er farið í grófum dráttum yfir tónlistarfræðslu á Íslandi og mismunandi hlutverk tónlistarskólanna og grunnskólanna í þeim efnum. Í kafla 2.2 eru skýrslur og erlendar rannsóknir skoðaðar og má þar nefna skýrsluna *List- og menningarfræðsla á Íslandi*. Eins er farið yfir nokkra þætti í óútgefinni könnun Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum. Í kaflanum er einnig fjallað um erlendar rannsóknir er varða mikilvægi tónlistarkennslu barna. Stefnumótun og markmiðssetningu í skólum er umfjöllunarefnið í kafla 2.3 og að lokum er tónlistarkennslan í Noregi og Danmörku skoðuðu í kafla 2.4.

Kafla 3 fjallar um aðferðafræði rannsóknarinnar. Þátttakendum og vali á þeim eru gerð skil í kafla 3.1 en í kafla 3.2. er fjallað um hönnun rannsóknarinnar og rannsóknarnálgunina. Kafla 3.3 fjallar um þær aðferðir sem beitt er í þessari rannsókn og hverjir helstu kostir þeirra og gallar eru. Í kafla 3.4. er farið yfir framkvæmd rannsóknarinnar og aðgengi að gögnum og í kafla 3.5 er farið í stuttu máli yfir greiningu gagna. Í kafla 3.6 er leitast við að meta réttmæti og áreiðanleika rannsóknarinnar og að lokum er staða rannsakandans innan rannsóknarinnar skoðuð í kafla 3.7.

Kafla 4 fjallar um helstu niðurstöður rannsóknarinnar. Í kafla 4.1.1 er fjallað um hlutverk tónlistarskólanna á breyttum tímum. Kafla 4.1.2 fjallar um stefnumótun og markmið tónlistarskólanna. Í kafla 4.2 eru dregnar saman niðurstöðurnar um aðhald foreldra og ástundun nemenda í tónlistarnáminu og í kafla 4.3 er skoðað hvernig upplifun tónlistarkennarans er af samvinnu milli skólanna, kostir þeirrar samvinnu og gallar. Að lokum er síðan starfsánægja tónlistarkennara innan grunnskólanna skoðuð í kafla 4.3.2.

Í kafla 5 eru síðan umræður og velt upp helstu ályktunum sem draga má af samanburði á niðurstöðum rannsóknarinnar og fræðakaflanum.

2. FRÆÐILEGUR BAKGRUNNUR

Í þessum kafla verður fræðilegur bakgrunnur tónlistarkennslu á Íslandi skoðaður, bæði í grunnskólunum og tónlistarskólunum. Einnig verður bakgrunnur samstarfs og samþættingar skólanna skoðaður. Gerð verður grein fyrir einhverjum af þeim skýrslum og úttektum á tónlistarnámi og listfræðslu sem gerðar hafa verið á Íslandi og verða nokkrar erlendar rannsóknir er styðja tónlistarnám í grunnskólum skoðaðar. Eins verður gerð grein fyrir ástæðum stefnumótunar og í hverju faglegt starf í skólum gengur út á.

2.1. TÓNLISTARFRÆÐSLA Á ÍSLANDI

Tónlistarnám á Íslandi hefur í gegnum tíðina verið tvískipt. Annarsvegar tónlistarnám, sem fram fer í tónlistarskólum og hinsvegar tónmennt, sem skyldufag í grunnskólum landsins. Í köflunum hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir þessu fyrirkomulagi og í hverju munurinn á þessum tveimur fögum felst.

2.1.1. Tónlistarkennsla (Hlutverk tónlistarskóla)

Tónlistarnám á Íslandi er valfrjálst nám, sem felst einkum í hljóðfæra- og einsöngsnámi ásamt tónfræði og öðrum bóklegum greinum er viðkoma tónlist. Samkvæmt *Aðalnámskrá tónlistarskólanna* (2000) eru helstu hlutverk og markmið þeirra að auka færni nemandans til hljóðfæraleiks og tónlistarflutnings. Einnig að semja, iðka og hlusta á tónlist og að búa nemendur undir frekara nám á sviði tónlistar. Markmiðið er að gera öllum kleift, sem það kjósa, að kynnast tónlistarnámi og stunda það óháð búsetu, fjárhag eða uppruna og að gera nemendur færa um að iðka og njóta tónlistar upp á eigin spýtur.

Fyrsti tónlistarskólinn sem stofnaður var á Íslandi var Tónlistarskóli Reykjavíkur en hann var stofnaður árið 1930 og starfar enn þann dag í dag. Síðan þá hefur tónlistarskólum á landinu fjölgað jafnt og þétt og árið 2009 voru þeir 88 talsins með 892 kennara og stjórnendur og 15.055 nemendur á landsvísu (Könnun FT, 2009).

Fjármögnun tónlistarskólanna hefur alla tíð verið þó nokkurt álita- og baráttu mál. Árið 1972 óskuðu tónlistarskólastjórar eftir því að sveitarfélögin í landinu gerðust virkari þátttakendur í rekstri tónlistarskólanna. Það var ekki fyrr en árið 1985 sem sett voru (lög nr.75/1985) um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskólana en í þeim var gert ráð fyrir að sveitarfélögin tækju þátt í kostnaði tónlistarskólana í allt að 1/3 hluta. Breytingar á þessum lögum (nr.75/1985) tóku síðan gildi 1. janúar 1990 og er þá rekstur tónlistarskólanna alfarið fluttur yfir á sveitarfélögin.

Árið 2011 gerði Mennta- og menningarmálaráðuneytið, fyrir hönd ríkissjóðs og Samband íslenskra sveitarfélaga, samkomulag um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Megintilgangur þessa samkomulags var að jafna aðgengi nemenda til tónlistarnáms óháð efnahag og búsetu. Áður hafði allur kostnaður varðandi tónlistarnám verið á höndum sveitarfélaganna en með samkomulaginu var aðkoma ríkissjóðs að kennsluskostnaði tónlistarskóla vegna nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleik og mið- og framhaldsstigi í söngnámi staðfest. Samkomulag þetta átti aðeins að gilda í tvö ár eða til ársins 2013. Árið 2014 var gefin út viðauki við samkomulagið og það framlengt. Í 3. lið viðaukans er jafnframt talað um að á gildistíma hans skuli unnið að frágangi frumvarps til laga um tónlistarskóla.

Frá árinu 2004 störfuðu tvær ráðherraskipaðar nefndir við að endurskoða gildandi lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskólana, nr. 75/1985 með það að markmiði að sett yrðu ný heildstæð lög um tónlistarskóla og samskipti ríkis og sveitarfélaga í þeim efnum. Frumvarp til laga um tónlistarskóla var í framhaldinu lagt fyrir alþingi í janúar 2013. Ekki náði frumvarp þetta að verða að lögum en í því er engu að síður að finna áhugaverða punkta sem verður komið inná hér. Í 5. gr. frumvarpsins er talað um að sveitarfélögum sé heimilt að reka saman leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla undir einum stjórnanda og í einni stofnun en að í slíkum skóla skuli umsjónarmaður tónlistardeildar hafa bakkalársgráðu á sviði tónlistar. Í 7. gr. frumvarpsins er kveðið á um hvað skuli vera til staðar í tónlistarskólanum til þess að hann öðlist viðurkenningu ráðuneytisins og er þar talað um að kennslustundin skuli að lágmarki vera ein klukkustund á viku auk bóklegra greina er varða tónlist. Tónlistarskólanum sé skylt að kenna samkvæmt aðalnámskrá og að skólanámskrá skuli vera til staðar er samræmist

kröfum aðalnámskrárinnar. Eins er talað um að skólinn hafi umráð yfir húsnæði sem uppfylli allar kröfur um skólahúsnæði. Einnig er fjallað um að skólastjórar tónlistarskóla skuli hafa að lágmarki bakkalárgráðu á sviði tónlistar eða viðbótarmenntun í stjórnun og að faglegir stjórnendur sem og kennarar skuli helst hafa lokið háskólagráðu á sviði tónlistar sbr. 9. gr. frumvarpsins. Loks kemur fram í 12. og 13. gr. frumvarpsins að kveða skuli á um alla samvinnu í skólastarfinu í aðalnámskrá. Eins segir að sé skólinn í samstarfi við almenna skóla eða aðra tónlistarskóla skuli þess getið í skólanámskrá og þar skuli einnig koma fram á hvern hátt sé tekið tillit til þeirra nemenda sem þannig stunda nám sitt. Þá segir að hver skóli skuli gefa út skólanámskrá þar sem tilgreint sé meðal annars sérstaða skólans, áherslur í skólastarfinu og stefnumörkun.

Þau lög sem hingað til hafa fjalla um málefni tónlistarskóla í landinu hafa fyrst og fremst fjallað um fjárhagslegan stuðning ríkisins en lítið sem ekkert um sjálfa starfsemi tónlistarskólanna. Eitt af markmiðunum með lagafrumvarpi þessu var að veita svigrúm til könnunar á nýjum rekstrarformum tónlistarskólanna og að skapa samstarfsgrundvöll við almenna skóla. Fram kom í tillögu nefndar um frumvarp til laga um tónlistarskóla að helstu nýmæli frumvarpstillögunnar séu meðal annars að lagt sé til að sett verði heildstæð lög um starfsemi tónlistarskólanna, að hlutverk ráðuneytisins og sveitarfélaganna og skipan tónlistarnáms verði skýrari sem og ábyrgð og skyldur gagnvart einstökum þáttum tónlistarnámsins. Hingað til hefur rekstur og starfsemi tónlistarskóla verið valkvætt verkefni sveitarfélaganna en í frumvarpinu er kveðið á um starfsemi tónlistarskólanna með mun skýrari hætti en í gildandi lögum. Þó að frumvarp þetta hafi ekki náð í gegn og orðið að lögum er þörfin fyrir heildstæð lög um tónlistarskólana enn fyrir hendi.

Árið 2000 staðfesti þáverandi menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, nýja aðalnámskrá tónlistarskólanna og er sú námskrá í notkun í flestum tónlistarskólum landsins í dag. Aðalnámskránni ásamt sérstakri prófanefnd, sem sett var á laggirnar, var ætlað að samræma alla helstu þætti tónlistarnámsins og að samræma gæði námsins á landinu öllu. Prófanefndin var sett saman að frumkvæði Félags tónlistarkennara, Félags íslenskra hljómlistarmanna og Sambandi tónlistarskólastjóra. Var þetta gert í samráði við bæði Mennta- og menningarmálaráðuneytið sem og Samband íslenskra sveitarfélaga. Hlutverk prófanefndarinnar er að fara með hlutlaust og samræmt mat á

áfangaprófum í tónlistarskólum samkvæmt þeim kröfum sem settar eru upp í Aðalnámskrá tónlistarskólanna (Prófanefnd tónlistarskóla, 2017).

2.1.2. Tónmenntakennsla (Hlutverk grunnskóla)

Tónmennt er skyldunám innan list- og verkgreina grunnskólanna í 1. -8. bekk en síðan sem valgrein í 9.-10. bekk. Henni er ætlað að leggja grunninn að almennri grunnþekkingu í tónlist, sögu tónlistar og helstu grunnþáttum hennar svo sem tónhæð, styrk, túlkun, nótalengd og formi (Aðalnámskrá grunnskólanna, 2013). Tónmenntinni er því ætlað að ná til og hæfa öllum nemendum burtséð frá getu þeirra, smekk, þroska eða hæfni (Aðalnámskrá tónlistarskólanna, 2000). Tónlist er órjúfanlegur hluti af okkar daglega lífi þó við gerum okkur ekki alltaf grein fyrir því og er hlutverk tónmenntarinnar að kenna nemendum að njóta tónlistar, hlusta og þekkja.

Árið 1959 var stofnuð sérstök kennaradeild sem mennta átti tónlistarkennara sem kæmu til með að sinna söngkennslu innan barna-, unglunga- og framhaldsskóla í landinu. Hugtakið tónmennt nær ekki almennri útbreiðslu fyrr en eftir 1970 en hugtakinu var upphaflega ætlað að víkka út svið tónlistarkennslunnar þannig að hún tæki ekki einungis á söng heldur næði til fleiri þátta tónlistarinnar. Einnig var þörfin fyrir að aðgreina tónlistarkennsluna, sem fram fór í tónlistarskólum frá tónmenntakennslunni sem fram fór í grunnskólunum (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2008).

Mikið hefur verið rætt um að skortur á kennurum hafi háð tónmenntarkennslunni í einhvern tíma og eru margir uggandi yfir ástandinu. Uppi eru ýmsar getgátur um ástæðuna fyrir bágri stöðu greinarinnar svo sem skortur á reynslu og þjálfun kennara. Aðbúnaður, kennslurými og hljóðfærakostur er oft til umræðu og hefur stuðlað að brottfalli úr greininni ásamt mikilli aukavinnu tónmenntakennara og hættu á einangrun í starfi. Samkvæmt rannsókninni *Útbreiðsla tónmenntakennslu, aðstæður og viðhorf*, sem Helga Rut Guðmundsdóttir gerði og birtist í *Tímariti um menntarannsóknir* árið 2008 kemur fram að tónmennt er í raun aðeins kennd í 80% skóla á landinu og er það helst á landsbyggðinni sem vantar upp á kennsluna.

Í greinasviði *Aðalnámskrá grunnskólanna* (2013) eru töflur sem innihalda viðmiðunar tímafjölda sem gert er ráð fyrir að fari í hverja kennslugrein og hverja listgrein. Nú er hins vegar svo komið að samkvæmt skýrslu, er Hagstofa Íslands gerði fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið og skilaði af sér síðastliðið vor, að staða list- og verkgreina í grunnskólum er hvergi nærri nógu góð og vantar töluvert uppá að börn séu að fá þann tímafjölda í tónmenntarkennslu sem gert er ráð fyrir (Réttur nemenda til list- og verkgreinakennslu ekki nægilega virtur, 2016). Hins vegar kemur það heldur hvergi skýrt fram hvernig skuli skipta þeim tímafjölda, sem ætlast er til að nemendurnir fái, niður á milli list- og verkgreinanna. En í 4 gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 kemur fram að Mennta- og menningarmálaráðuneytið eigi að hafa eftirlit með því að sveitarfélögin uppfylli þær skyldur og kröfur sem þeim ber í kennslu grunnskólanna, meðal annars tónmenntarkennslu. Samkvæmt greininni skal ráðuneytið gera Alþingi grein fyrir framkvæmd skólahalds og skólastarfi í grunnskólum landsins á þriggja ára fresti.

Helga Rut Guðmundsdóttir (2008) talar um í rannsókn sinni að umræðan um sjálfa tónmenntina sem námsgrein litist oft af þeirri þörf að tryggja henni öruggan stað innan menntunar barna og því að vinna henni fylgi. Hún telur að umræðan þurfi að snúast meira um gagnrýni og vangaveltur um hlutverk tónlistar í menntun barna yfir höfuð og telur það aðalforsendur þess að námsgreinin fái að vaxa og dafna um ókomna tíð.

2.1.3. Samþætting skólastiga

Helsti munurinn milli þessara tveggja greina, tónlistarkennslu og tónmenntakennslu er að tónlistarkennsla er valfrjálst hljóðfæranám sem hefur að mestu farið fram í sérstökum tónlistarskólum á meðan tónmenntakennslan er skyldunám í grunnskólum hjá nemendum í 1.-8. bekk. Í almennum hluta *Aðalnámskrár tónlistarskólanna* (2000) segir að tónmenntarkennslan eigi að hæfa öllum nemendum, hver svo sem geta, þroski eða smekkur nemandans sé en tónlistarskólar séu einstaklingsmiðaðri og sérhæfðari þar sem námið fer oftar en ekki fram í einkatímum, kennari á nemanda.

Vegna lengingar skóladagsins og einsetningar grunnskólanna hefur þrýstingurinn aukist undanfarin ár bæði frá foreldrum og forráðamönnum sem og fámennari

sveitarfélögum um samþættingu skólastiga. Tíminn eftir langan skóla- og vinnudag er orðin ansi knappur og erfitt að koma tómstundarstarfi þar fyrir. Sífelld erfiðara er að fá fagmenntað starfsfólk til starfa sérstaklega í grunnskólum á landsbyggðinni og sveitarfélögin sjá mikla hagræðingarmöguleika á því að sameina og samreka leik-, grunn- og tónlistarskóla.

Árið 1973 var hafist handa við að semja nýja námskrá fyrir tónlistarnám á Íslandi. Ford Foundation í Bandaríkjunum hafði þá veitt fjögurra milljón króna styrk til verkefnisins og var ætlunin að nota nýju námskrána bæði á Íslandi og í Bandaríkjunum. Hins vegar kom síðar í ljós að ómögulegt þótti að semja bindandi námskrá í tónlist og var því farin sú leið að setja rammanámsskrá um tónlist, sem hefði almennt gildi og væri hægt að aðlaga hvaða aðstæðum, skólakerfi og skóla sem væri (þingskjal nr. 418/1974-1975, frumvarp til laga).

Í frumvarpi til laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskólana, sem lagt var fyrir alþingi starfsárið 1974-75 kemur fram að tónlistarnám geti í eðli sínu auðveldlega skipst í grunnskólanám, framhaldsnám og síðan háskólanám og var hugmyndin á þá leið að fyrsta stig tónlistarkennslunnar færi fram innan grunnskólanna og væri í boði á öllu landinu. Framhaldsnámið færi fram á að minnsta kosti einum stað í hverjum landshluta en háskólanámið yrði á einum til tveimur stöðum á landinu (þingskjal nr. 418/1974-1975, frumvarp til laga). Með þessu lagafrumvarpi er þáttur sveitarfélaganna aukinn til muna og segja má að þar sé komið upphafið að samþættingu skólanna.

Í 28. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og 45 gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla árið 2008 er kveðið á um að sveitarfélögum sé nú heimilt að reka saman leik-, grunn- og tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra. Í frumvarpi til þessara laga kemur fram að með lögunum sé öllum sveitarfélögum opnuð heimild til samrekstrar þessara skólastiga óháð stærð eða gerð þeirra (þingskjal nr. 321/2007-2008, frumvarp til laga). Fram að þessu hafði ekki verið leyfilegt að ráða einn stjórnanda yfir samnýttum skólum.

Í kjölfar gildistöku laga nr. 90/2008 um leikskóla og nr. 91/2008 um grunnskóla sendi Samband íslenskra sveitarfélaga frá sér leiðbeiningar fyrir rekstraraðila vegna samreksturs leik-, grunn- og tónlistarskóla (2009). Þar kemur fram að markmiðið með heimild þessari sé að opna fyrir fjölbreytni, sveigjanleika og þróun í skólastarfi í þágu

barna. Þar er einnig talað um að nauðsynlegt sé að skilgreina að hvaða ávinningi sé stefnt og að áætlun um skipulag og markmið með samþættingunni liggi fyrir og sé skýr. Einnig er komið inná hvaða ávinning sé hægt að hafa af samþættingunni sem slíkri og eru tínd til atriði eins og aukin skilvirkni og hagræðing í stjórnun og rekstri ásamt samræmdri faglegri uppbyggingu.

Einhvern veginn er það þó svo að í þessum leiðbeiningum kemur oftast fyrir að fjallað sé um leik- og grunnskólana og samþættingu þeirra en grunn- og tónlistarskóla. Áhugavert er einnig að sjá að hvorki í lögunum né leiðbeiningunum kemur fram eða er ætlast til að skólastjóri samrekins skóla þurfi að hafa nokkra þekkingu eða skilning á tónlistarnámi eða starfi tónlistarskólanna og tónlistarkennaranna.

Í almennum hluta *Aðalnámskrár tónlistarskólanna* (2000) er talað um að í vissum tilfellum geti það reynst hagnýtt að samnýta húsnæði grunnskólanna til tónlistarkennslu en einungis að því tilskyldu að samvinnan sé markviss og vel skipulögð, aðstæðurnar s.s. hljóðfæri, kennsluaðstaða og annar tækjabúnaður samræmist kröfum aðalnámskrár tónlistarskóla og að hljóðeinangrun sé viðunandi. Einnig kemur þar fram að mikilvægt sé að tónlistarkennslan örví og ýti undir lögbundið skyldunám í tónmennt. Áhugaverður punktur, sem kemur skýrt fram í námskránni er að óheimilt er að taka nemendur út úr kennslustund í lögbundnu skyldunámi án skriflegs samþykkis foreldris eða forráðamans.

Í athugasemd við lagafrumvarp og lög nr.22/1975 um tónlistarskóla kemur fram að ráðuneytið telji æskilegt að nemendur fái undirstöðufræðslu í tónlist á jafn sjálfsagðan hátt og í lestri og skrift. Áhugavert er að þessi athugasemd skuli vera í lögum um tónlistarskóla en ekki lögum um grunnskóla því þetta er í raun hlutverk tónmenntarkennslunnar, að veita nemendum undirstöðufræðslu í tónlist.

Skólar eru margþætt og flókin fyrirbæri sem saman standa af fjölda fólks svo sem kennurum og öðru starfsfólki, nemendum og foreldrum en þeir eru líka með mikilvægustu stofnunum samfélagsins. Því má segja að það að stjórna heilum skóla á faglegan hátt hljóti að vera einkar flókið viðfangsefni og ekki auðveldar það stjórnunina að markmið skólanna eru oft óljós og hugmyndir um kennsluna og námið margbreytilegar. Því er starf skólastjóra flókið og margþætt og nauðsynlegt að það sé

í sífelldri endurskoðun. Það hlýtur einnig að flækja forystuhlutverkið innan veggja skólans þegar skólarnir eru orðnir tveir sem deila nemendum og starfsfólki og skólastjórar, sem að gegna forystuhlutverkinu jafnvel einnig orðnir tveir. Hlutverk skólastjóra er að samþætta starfið innan skólans þannig að eitt byggi á öðru. Þeir verða að fá kennarana til að tengjast, hjálpast að og vinna saman. Það skiptir því miklu að skólastjórar nái að tengjast starfsfólki sínu, kennurum með opnum og gagnvirkum hætti þannig að þeir finni til samkenndar og upplifi sig sem part af skólaheildinni (Börkur Hansen, 2016). Það mætti ætla að þetta forystuhlutverk skólastjórnenda væri enn veigameira þegar tveir ólíkir skólar starfa undir sama þaki á sama kennslutíma.

2.2. SKÝRSLUR OG RANNSÓKNIR

Ekki er um auðugan garð að gresja þegar kemur að skýrslum eða könnunum á gæðum og starfi tónlistarskólanna í landinu. Í köflunum hér á eftir verður reynt að gera skil einhverjum af þeim könnunum sem gerðar hafa verið á Íslandi. Eins verður fjallað um erlendar rannsóknir sem skoða samhengi tónlistarnáms og almenns náms.

2.2.1. Tónlistarnámið og samstarf skólanna

Árið 2008-2009 var farið í viðamikla rannsókn á umfangi og gæðum list- og menningarfræðslu á Íslandi. Rannsóknin tók hálf tveggja ár og var framkvæmd af Anne Bamford, prófessor við University of the Arts London og stjórnandi International Research Agency en hún hefur gert álíka rannsóknir og þá sem hún gerði hérlendis í Danmörku, Hollandi, Belgíu, Noregi og Hong Kong (Biography. e.d.). Aðstoðarmaður hennar hér á Íslandi var Jón Hrólfur Sigurjónsson. Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út skýrsluna í apríl 2011 og voru miklar vonir og væntingar bundnar við þessa skýrslu, sérstaklega þar sem ekki hafði áður verið gerð viðlíka úttekt á list- og menningarfræðslu á Íslandi.

Í skýrslunni kemur fram að listfræðsla á Íslandi sé, á alþjóðlegum mælikvarða, almennt mjög góð og í skipulagi hennar séu gæði höfð að leiðarljósi. Talað er um að tónlistarskólarnir séu vel metnir og eigi sér langa og virta sögu en að sú saga sé frekar byggð á hefðum en aðlögun. Breytt menntakerfi og breytt samfélag kalli þó á að tónlistarskólarnir aðlagist með viðeigandi hætti. Skólarnir séu í vaxandi mæli að verða allhliða samfélagskjarnar sem hýsi flestar mennta- og menningarstofnanir samfélagsins og því ætti að hvetja tónlistarskólana og grunnskólana til frekara samstarfs. Hins vegar beri að varast allar breytingar sem að hugsanlega gætu haft neikvæð áhrif á aðgengi og ástundun tónlistarskólanna. Því þurfi að festa samstarfið í sessi með skýrri stefnumótun og kemur Anne Bamford með þá hugmynd að þeir sem sjái um mennta- og menningarmálin á landsvísu og hjá sveitarfélögum fundi reglulega bæði til að setja sameiginlega stefnu og til að miðla faglegum upplýsingum (Anne Bamford, 2011).

Haft var samband við Sigrúnu Grendal, formann Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT) og veitti hún aðgang að könnun sem félagið lét gera á kerfi tónlistarskólanna árið 2009. Könnun þessi hafði áður verið framkvæmd árið 2003 en var gerð aftur 2009 og þá látin ná til allra sjálfstætt starfandi tónlistarskóla landsins. Könnunin er ansi viðamikil og tekur á öllum helstu þáttum tónlistarkennslunnar svo sem stjórnháttum, fjölda nemenda, kennara og skóla, aðstöðu og fleiru er viðkemur kerfi tónlistarskólanna. Alls náði könnunin því til 88 skóla. Á þessum tíma voru 892 kennarar og stjórnendur starfandi í tónlistarskólum landsins, 539 á höfuðborgarsvæðinu og 353 á landsbyggðinni. Könnunin hefur ekki verið formlega gefin út en efni hennar hefur verið kynnt fyrir meðlimum félagsins á aðalfundum og svæðisþingum og veitti Sigrún Grendal formaður Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT) leyfi sitt fyrir því að könnunin væri notuð í þessari rannsókn og í hana vitnað.

Í könnunni er sérstaklega fjallað um aðgengi að tónlistarnámi og skólagjöld. Þar kemur fram að verulegur munur er á skólagjöldum tónlistarskólanna eftir því hvort um höfuðborgarsvæðið eða landsbyggðina er að ræða. Ef skoðuð er einstaklingskennsla á hljóðfæri í 60 mínútur á viku eru skólagjöldin á höfuðborgarsvæðinu um 77% hærri heldur en á landsbyggðinni. Það kemur þó einnig fram í könnuninni að lítil umræða hefur farið fram um skólagjöld innan stéttarinnar og því kannski ekki fullkomlega ljóst í hverju þessi mikli munur liggur. Eitthvað er um það að inntaka nýrra nemenda í tónlistarskólana sé aldurstýrð eða háð biðlistum. Hvað þetta tvennt varðar á það einnig við að töluverður munur er á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni en hvor tveggja er mun algengara á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni (FT, 2009).

Það er löng hefð fyrir því að kennslustundin í tónlistarnámi sé ein klukkustund og er kveðið á um það í lögum um fjárhagslega stuðning við tónlistarskólana (lög nr. 75/1985) en þar segir að hverjum nemanda skuli veitt kennsla í aðalnámsgrein eina stund á viku. Í könnuninni kemur hins vegar fram að um töluverðan mun á lengd kennslutímabila í tónlistarskólun er um að ræða. Hæst fer tímabilið upp í 37.01 vikur en lægsta tímabilið er 29.38 vikur. Munurinn á milli hæsta og lægsta gildis á landsvísu eru því 7.63 vikur sem, mætti segja að sé furðanlega mikilli munur (FT, 2009).

Í könnun FT á kerfi tónlistarskólanna (2009) er fjallað um að samstarf grunnskóla og tónlistarskóla sé bæði yfirgripsmikið og á breiðu sviði. Í framhaldi af því er skoðað

hvernig skipulagi tónlistarkennslunnar sé háttað og kemur þá fram að í um 82% tónlistarskóla á landsvísu er sá háttur hafður á að nemendur fara úr almennri kennslustund í grunnskólanum til þess að sækja tónlistarnámið. Á landsbyggðinni er fyrirkomulagið mun algengara eða í 93% skóla á móti 68% skóla á höfuðborgarsvæðinu. Þegar skoðað er hverjir það eru sem að koma að þessari ákvörðun eru foreldrar oftast nefndir ásamt skólastjórum og kennurum. Athygli vekur að aðeins í um 30% tilfella höfðu skólanefnd, stjórn tónlistarskólans eða fræðslunefndin eitthvað um þessa ákvörðun að segja. Þar sem að í flestum tilfellum er ekki um formlega stefnu sveitarfélagsins að ræða í þessum efnum mætti segja að yfirleitt sé þetta sjálfsprottið fyrirkomulag í samstarfi grunnskóla og tónlistarskóla.

Í maí 2010 gaf Menntasvið Reykjavíkurborgar út tillögur starfshóps um verklagsreglur varðandi samstarf grunnskóla og tónlistarskóla (Menntasvið Reykjavíkurborgar, 2010). Þar sem engar samræmdar verklagsreglur höfðu áður verið til varðandi samstarf grunnskóla og tónlistarskóla réðst starfshópur skipaður af fræðslustjóra menntaráðs í að setja saman verklagsreglur um samstarf skólanna. Var verklagstillagan fyrst og fremst hugsuð til hægðarauka fyrir skólastjórnendur grunnskólanna sem og tónlistarskólanna. Þá kemur einnig fram í greinargerð sem fylgdi verklagsreglunum að menntaráð hafi lengi vel haft þá stefnu að tónlistarskólar byðu í æ ríkari mæli upp á tónlistarkennslu í grunnskólunum.

Í 20 af þeim 33 grunnskólum er tóku þátt í könnuninni, sem gerð var á vegum tölfræði- og rannsóknarþjónustu Menntasviðs, á samstarfi skólanna fór fram tónlistarkennsla á vegum tónlistarskóla eða skólahljómsveita. Viðhorf bæði skólastjórnenda og foreldra var samkvæmt könnuninni almennt jákvætt en kom þó fram að sveigjanleiki væri nauðsynlegur til þess að samstarfið gengi upp. Helstu kostirnir sem skólastjórnendur nefndu var meðal annars að aðgengi að tónlistarnáminu verður betra með samstarfi skólanna, nemendurnir geta klárað tónlistarnámið á skólatíma og það eykur fjölbreytni og auðgar skólabraginn. Ókostirnir voru helst að upplýsingaflæði milli skóla væri ekki nógu gott, tónlistarnámið væri ekki nægjanlega samofið skólastarfinu og að viðvera tónlistarkennara mætti vera lengri svo ekki þyrfti að taka nemendur út úr matarhléi eða sérgreinatímum. Í tillögunum að verklagsreglunum er meðal annars að finna þessar tillögur:

- Að skólarnir geri með sér samkomulag um fyrirkomulag kennslu, áherslur í starfinu og samskipti bæði við foreldra og nemendur
- Að hvatt sé til faglegs samráðs milli skólastjórnenda skólanna og það sé stuðlað að samstarfi milli tónmenntar- og tónlistarkennara.
- Að skólarnir skili árlegri greinagerð til Menntasviðs og áætlun um áherslur í starfi
- Að árlega haldi skólastjórnendur skólanna fund þar sem fagleg málefni séu rædd.

Líklegt er að þessar tillögur séu eingöngu hugsaðar fyrir höfuðborgarsvæðið en það ætti samt ekki að merkja að önnur sveitarfélög gætu ekki haft þau til viðmiðunar eða stuðnings við gerð sinna eigin verklagsreglna. Ætla mætti að þessar verklagsreglur hlytu bæði að vera fordæmisgefandi og hvetjandi fyrir önnur sveitarfélög þar sem þetta fyrirkomulag innan skólanna er starfrækt.

Í skýrslunni *List- og verkgreinakennsla á Íslandi* (2011) kemur Anne Bamford inná almennt bága stöðu tónmenntar og kennaraskortinn sem hrjáir greinina og telur að með samþættingu tónlistarskólanna og grunnskólanna geti skapast lausn á þessum vanda. Slík samþætting get aukið sveigjanleika á nýtingu tíma, rýmis og kennslukrafta. Hún kemur þó inná að yfirleitt séu tónlistarskólastjórnendur og kennarar andsnúnir samþættingu sem þessari og kjósi einkakennsluna fram yfir hópkennsluna.

Í könnun FT (2009) er ályktað að hið almenna skólakerfi standi tónlistarskólum á landsbyggðinni nær en tónlistarskólum á höfuðborgarsvæðinu þar sem að áhersla þeirra sé meiri á þá almennu þætti sem eru grundvöllur fyrir auknum persónuþroska heldur en sértæk markmið eins og eflingu listræns þroska. Einnig er komið inná að vel megi túlka tilhneigingu sveitarfélaganna til þess að fella tónlistarskólakerfið inn í aldurstengt kerfi almenna skólakerfisins sem aðför að uppbyggingu og sjálfu eðli tónlistarnámsins (FT, 2011).

2.2.2. Stjórnun tónlistarskólanna

Samkvæmt könnun FT (2009) er töluverður munur á yfirstjórn tónlistarskólanna eftir landssvæðum og kom það talsvert á óvart. Í könnuninni kemur fram að um 70% tónlistarskóla á landsbyggðinni lúta yfirstjórn skólanefndar eða fræðsluráðs, sem er sameiginleg yfir fleiri skólum svo sem leikskóla og grunnskóla svæðisins. Á höfuðborgarsvæðinu er aftur á móti yirleitt sérstæð skólanefnd eða stjórn sem fer með yfirstjórn skólans eða í 68% tilvika. Á landsvísu er svo aðkoma hagsmunaaðila að stjórnun skólanna mjög lítil og í rúmlega 50% tilvika eiga einungis tónlistarskólastjóri og fulltrúi frá sveitarfélaginu aðild að stjórn skólanna. Samkvæmt lögunum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 skal fulltrúi frá viðkomandi sveitarfélagi ávallt eiga sæti í skólanefnd eða stjórn skóla en aðeins í 54% tilvika er þessu framfylgt, sem er áhugavert þar sem 80% sveitarfélaga á landsvísu greiða rekstrarkostnað tónlistarskólanna. Það má vel hugsa sér að svo ólík aðkoma að yfirstjórn skólanna komi fram í ólíkum áherslum á sjálft tónlistarnámið.

Hlutverk skólastjórnenda er margþætt og margbreytilegt. Þeirra kenningar og viðhorf setja oftast tóninn í því andrúmslofti sem ríkjandi er í skólunum. Í greininni *The State of Music in the Elementary School: The Principal's Perspective* eftir þá Carlos R. Abril og Brent M. Gault (2005), sem fjallar um rannsókn er þeir gerðu á viðhorfum skólastjórnenda til tónlistarnáms í skólum, kemur fram að hlutverk skólastjórnenda í að skapa það umhverfi í skólunum sem styður við tónlistarkennslu er mjög mikilvægt. Jafnframt kemur fram að þó svo að skólastjórar styðji tónlistarkennslu í skólunum virðist sem markmið þeirra og skilningur á sjálfu tónlistarnáminu sé annar en tónlistarkennaranna. Ein af lausnunum, við þessu vandamáli, töldu skólastjórnendur vera meðal annars að tónlistarkennarar mættu vera duglegri að miðla upplýsingum um nám og getu nemendanna til skólastjórnenda og þannig mætti stuðla að betri og meiri vitundarvakningu á áhrifum tónlistarnámsins á nemendur og námsgetu þeirra.

Í almennum hluta *Aðalnámskrár tónlistarskólanna* (2000) kemur fram að ætlast sé til að allir tónlistarskólar geri skólanámskrá þar sem þeir skilgreini meðal annars hlutverk eða stefnu skólans og markmið hans. Það kemur því á óvart að samkvæmt könnun FT (2009) hefur 32% tónlistarskóla ekki enn gert skólanámskrá árið 2009 nær tíu árum eftir að Aðalnámskráin er gefin út. Sömu sögu er að segja um mat á skólastarfi. Í

könnuninni kemur fram að í 49% tónlistarskóla hefur ekkert mat farið fram en í almennum hluta *Aðalnámskránni* (2000) er talað um nauðsyn þess að meta fleiri þætti en hæfni og kunnáttu nemandans og mælst til þess að tónlistarskólar geri innra mat á starfsemi sinni með sama hætti og almennir skólar. Samkvæmt könnuninni hefur farið fram innra mat í aðeins 27% tónlistarskóla landsins og aðeins 7% tónlistarskóla hefur framkvæmt bæði innra og ytra mat. Í lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskólana (nr. 75/1985) segir að Mennta- og menningarmálaráðnueytið skuli fara með faglega umsjón og eftirlit með tónlistarskólunum. Það kemur því á óvart að ekki er að finna mikið um upplýsingar um fjölda tónlistarskóla í landinu, starf þeirra eða innra skipulag.

2.2.3. Hnignum tónlistarnámsins

Einhver umræða hefur verið um það að tónlistarnemendum fari fækkandi í heiminum. Á ráðstefnu er haldin var hér á Íslandi í október 2017 á vegum Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum ásamt EMU, – Evrópusamtökum tónlistarskóla, kom fram í erindi Gerhards Muellers stjórnanda Conservatory Bern, í Sviss, að fækkun nemenda í tónlistarskólunum væri orðið að vandamáli í Bern. Því var gripið til þess ráðs að hrinda af stað verkefninu Jeki Bern – Jedem kind ein instrument. Með þessu færðu þeir tónlistarkennsluna sem og tónlistarkennarana inn í skólana. Í 1. og 2. bekk er nemendum boðið upp á söngtíma í hópum, nemendum að kostnaðarlausu. Í 3. og 4. bekk er síðan boðið upp á hljóðfæranám gegn vægu gjaldi en nemendurnir geta fengið hljóðfæri að láni gjaldfrjálst (Jeki Bern, e.d.). Jeki Bern styður þannig hvert barn til tónlistarnáms óháð efnahagslegum bakgrunni eða félagslegri stöðu.

Í greininni *Exploring the global decline of music education* eftir José Luis Aróstegui (2016) og birtist í Education Policy Review, fjallar Aróstegui um rannsókn er hann gerði á þverrandi tónlistarkennslu í heiminum og veltir þar upp áhugaverðum punktum sem hæglega geta einnig átt við stöðu tónlistarmenntunar á Íslandi. Aróstegui telur að meðal annars vegna áhrifa frá OECD (The Organisation for Economic Co-operation and Development) hafi landslag almennrar kennslu breyst töluvert á síðustu 15 árum og virtust þeir kollegar hans er tóku þátt í rannsókninni allir sammála um hættuna sem steðjar að tónlistarmenntun í heiminum.

Í greininni kemur fram að áherslan á þekkingarmiðað hagkerfi og árangur er svo margfaldur að framlag til tónlistarnáms minnkar stöðugt. Skólanámskrárnar eru í síauknum mæli lagaðar að ýmiskonar árangurskönnunum svo sem PISA, IEA og fleiri álíka matstækjum og kennslustundirnar í bóklegum fögum eins og lestri, reikningi og samfélagsfræði eru auknar á kostnað listgreina. Aukið er við tímafjöldann í þessum fögum en skóladagurinn er hafður jafn langur og áður og því eru tímarnir teknir af listkennslunni. Opinberar yfirlýsingar um allan heim halda fram mikilvægi tónlistar og tónlistarmenntunar en þetta virðast innantóm orð. Tónlistina er ekki hægt að árangursmæla og því er sífellt minni tíma og peningum varið í tónlist og listkennslu í skólunum. Á endanum eru það matstækin sem ákvarða hvaða námsfög eru nauðsynleg í námskránum og því minnkar stöðugt hlutur tónlistarkennslu og listakennslu (José Luis Aróstegui, 2016).

Skólastjórinn Naveed Idrees, er starfar í skólanum Feversham í Bretlandi ákvað að fara aðra leið, eins og fram kemur í greininni *How to improve the school result*, sem birtist í The Guardian árið 2017. Skólinn hafði verið að mælast mjög illa í árangurskönnunum, foreldrarnir voru ekki ánægðir, félagsandinn hjá starfsmönnum var slæmur og skólinn átti í fjárhagsvandráðum. Í stað þess að bæta við tímum í bóklegu fögunum og fækka tímum í listgreinum tók skólastjórinn mikla áhættu og jók tónlist, leiklist og aðra listkennslu í skólanum. Hver nemandi fær nú að minnsta kosti tvær og allt upp í sex klukkustundir í tónlist á viku. Við þessar breytingar hafa orðið stakkaskipti á skólanum. Nemendur mælast nú hærri í árangurskönnunum og foreldrar, nemendur og kennarar eru ánægðari (The Guardian, 2017).

Það má vel deila um hvort niðurstöður árangurskannana séu aukinni listgreinakennslu að þakka eða einfaldlega ánægðari nemendum. Nemendur sem fá að læra það sem þau langar til eru betri nemendur. Þau eiga auðveldara með að einbeita sér, verða ástríðufyllri fyrir efninu og fer þar af leiðandi fram (Adorney, 2011). Á móti má segja að tónlistarnám þjálfar ýmis skilningarvit og færni sem nýtist svo aftur í í bóklega náminu, hér má nefna aga, félagslega færni og hæfni í að þekkja mynstur, sem nýtist í stærðfræði (Gerber, 2011).

Því verður ekki neitað að landslag tónlistarkennslu á Íslandi hefur undirgengist þó nokkrar breytingar og er enn að breytast. Eitt af áhyggjuefnunum, sem greina má hjá tónlistarkennurum, er svokölluð tómstundavæðing tónlistarnámsins þar sem svo virðist sem litið sé, í síauknum mæli, á tónlistarnámið sem tómstund en ekki nám sem þarf að sinna. Ef staldrað er við og orðið tómstund skoðað kemur í ljós að merking íslenska orðsins tómstund hefur verið nokkuð á reiki og í raun ekki til nein ákveðin skilgreining á því hvað tómstund er og hvað skuli flokka sem tómstund og hvað ekki. Vanda Sigurgeirsdóttir leitast við að skilgreina orðið í grein sinni *Skilgreining á hugtakinu tómstundir* og birtist í Ráðstefnuriti Netlu (2010) en þar segir hún að í grundvallaratriðum eigi tómstundir sér stað í frítíma fólks og sé því einhverskonar athöfn, hegðun eða starfsemi. Til að flokkast sem tómstund verði þó að uppfylla ákveðin skilyrði en það er að athöfnin, starfsemin eða hegðunin hafi í för með sér jákvæð áhrif, ánægju og sé frjálst val (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2010).

Í grein Amalíu Björnsdóttur, Baldurs Kristjánssonar og Barkar Hansen, *Tíminn eftir skólann skiptir líka máli* (2010), fjalla þau meðal annars um muninn á frístund og tómstund. Frístundir segja þau tiltölulega frjálstan tíma. Hann er sá tími sem börn hafa fyrir sig, til að leika sér eða annað án afskipta fullorðinna þó þeir setji oftast mörk um hvað sé leyfilegt og hvað ekki. Tómstundum eru á hinn bóginn stýrt af fullorðnum og kröfur gerðar til barnanna um árangur og afköst, líkt og í skólastofu og nefna þau sem dæmi um tómstundir íþróttir og listnám. Þau vilja því meina að frístund sé andstæðan við tíma og starfsemi skólanna og tómstundin síðan þar mitt á milli (Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen, 2009).

Ástæðurnar fyrir þessari svokölluðu tómstundarvæðingu geta verið margar svo sem aðhald foreldra, viðhorf til tónlistarnámsins, breytt afþreying barna eða jafnvel sú hugmyndafræði að tónlist sé fyrir alla, að allir eigi að hafa aðgang að tónlistarnámi óháð efnahag, búsetu, uppruna eða getu (Aðalnámskrá tónlistarskólanna, 2000). Ég ætla mér svo sem ekki að fara nánar út í þær vangaveitur að svo stöddu en það má þó einnig velta fyrir sér hvort að það sé svo slæmt að tónlistarkennslan tómstundavæðist ef að farið er eftir því sem segir í grein Amalíu, Baldurs og Barkar (2009) að henni sé stýrt af fullorðnum og kröfur gerðar til barnanna.

2.2.4. Áhrif tónlistarkennslu á námsárangur

Það hefur löngum verið deiluefni hvort tónlist og tónlistarmenntun hafi áhrif á gáfur barna eða hæfni þeirra til að læra. Ein umtalaðsta kenningin á sviði tónlistarhlustunar og áhrifa tónlistar er The Mozart effect og hafa margar rannsóknir verið gerðar annað hvort til að styðja við þá kenningu eða hrekja hana. The Royal Conservatory tók saman yfirlit yfir nýjustu rannsóknir á sviði taugafræðinnar (neuroscience), *The Benefits of Music Education*, þar sem áhrif tónlistar á heilann eru skoðuð. Í samantektinni kemur fram að með nýjustu tækni svo sem segulómun (fMRI) og heilariti (EEG) er hægt að öðlast mun betri skilning á því hvað gerist í heilanum þegar hann vinnur úr tónlist og hvernig það getur svo aftur nýst í almennu námi. Má hér nefna niðurstöður rannsókna Dr. Sylvain Moreno sem sýna að tónlistarnám hefur einnig áhrif á virkni heilans á öðrum sviðum en tónlist svo sem í lestri, einbeitningu og gáfum. Það sem kom Dr. Moreno einna helst á óvart í rannsókn sinni var hversu hratt heilinn breyttist við tónlistarþjálfun. Í annarri rannsókn sem framkvæmd var árið 2009 í Kanada var sambandið milli tónlistarnáms og lestur og þess að tala tungumál skoðað og kom þar fram að þau börn er hlutu tónlistarkennslu voru mun fljótari að ná árangri í lestri og öðru því tengdu (The Royal Conservatory, 2014).

Í rannsókninni *Um gildi tónlistarnáms fyrir íslend ungmenni* er þær Inga Dóra Sigfúsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir gerðu og náði til allra nemenda 9. og 10. bekkjar í öllum grunnskólum landsins kemur fram að hátt hlutfall nemenda er stunda reglulegt tónlistarnám stendur sig betur í skólanum og eru með hærri einkunnir í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku en þeir nemendur sem ekki stunda tónlistarnám. Einnig virðist sem þessir nemendur séu með jákvæðara viðhorf til námsins og komi betur undirbúnir í kennslustundir. Í rannsókninni er einnig kannað hvort tenging sé á milli námsárangurs og menntunar foreldra eða hvort tengsl milli foreldra og unglunga væru áhrifavaldar á einkunnir eða líðan í skólanum en niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að tónlistarnámið hafi sjálfstæð tengsl við námsárangur unglunga, óháð og sterkari tengsl en tengsl við foreldra eða menntun þeirra (2004).

Hvernig við öðlumst smekk fyrir tónlist ákvarðast af stórum hluta af menningarlegu umhverfi okkar, þar með talið menntastofnunum (Robert Fripp, 2001)

2.3. STEFNUMÓTUN OG MARKMIÐSETNING Í SAMEININGU SKÓLANNA

Flestir grunnskólar byggja kennslu sína á bekkjarkennslu á meðan tónlistarnám tónlistarskólanna fer fram í einkatímum þar sem yfirleitt er einungis maður á mann eða kennari á nemandu. Þegar ráðist er í þær stórvægilegu framkvæmdir að sameina tvo svo ólíka skóla og starfrækja þá innan sömu veggja og á sama kennslutíma segir sig sjálf að einhver málamiðlun hlýtur að þurfa að koma til, ásamt góðu skipulagi og góðri stjórnun. Anna Kristín Sigurðardóttir segir í grein sinni *Skólinn sem lærdómssamfélag* að megingilgangur samstarfs milli skóla eigi að vera að miðla reynslu og þekkingu, þó svo að sjálft samstarfið geti tekið á sig ýmsar myndir. Þá talar hún um mikilvægi þess að einhverjum sé falið það verkefni að halda utan um samstarfið og að þeim aðila sé úthlutað tíma til að sinna því starfi (2013). Í langflestum tilfellum eru það tónlistarskólarnir sem færðir eru inn í grunnskólana. Oft eru það ytri aðstæður sem knýja tónlistarskólana í þessar breytingar og kemur það þá í hlut tónlistarkennaranna að aðlagast nýjum aðstæðum, nýju rými og nýjum kennsluháttum og vill það oft verða svo að þeir upplifa sig sem gesti á eigin vinnustað. Í *Skólamenning og skólaþróun* talar Ólafur H. Jóhannsson um mikilvægi þess að allir séu samstíga, að markmiðin með breytingunum séu bæði skýr og opinber og að allir séu meðvitaðir um þau (2013).

Þeir Mintzberg, Ahlstrand og Lampel tala um í bók sinni *Strategy Safari* að stofnun sem undirgengist hefur miklar breytingar sé einmitt sú stofnun sem sé í hvað mestri þörf fyrir stefnu (2009). Þegar heill skóli hefur verið færður inn í annan skóla og starf kennaranna skarast, á sú stefna sem áður var stuðst við ekki lengur við og því myndast þörf fyrir nýja stefnu og ný markmið. Í nýju starfsumhverfi hlýtur hver kennari að þurfa að vita hvert hans hlutverk er og til hvers er ætlast til af honum. Skólastefna er til þess ætluð að styðja við kennarann svo hann viti hvað hann á að kenna. Grundvallartilgangur stefnu og stefnumótunar er að uppfærða starfsmenn um allt það sem fram fer innan stofnunarinnar dags daglega og jafnframt til að ganga úr skugga um að allir séu samstíga varðandi allar framkvæmdir (Porter, 2009).

Þegar svo breiður og fjölmennur hópur fólks á að starfa saman, undir sama þaki og að sama markmiði er nauðsynlegt í upphafi að þjappa þeim saman með því að skapa sameiginlega framtíðarsýn og sameinast um markmið og áherslur í kennslunni.

Sameining er helst forsendan fyrir því að stefna komist í framkvæmd en þess þarf þó einnig að gæta að stefnan komist í framkvæmd og að hún leiði til einhverra úrbóta í skólastarfinu, að hún nái ekki eingöngu til hluta skólastarfsins eða sé einungis orð á blaði (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013). Stórvægilegar breytingar eru oftast aldrei auðveldar og fara yfirleitt fram á löngum tíma og því er nauðsynlegt að kennarar sameinist um markmið og framtíðarsýn. Þau Anna Kristín (2013) og Michael Porter (2009) eru sammála um að þegar sameinast hefur verið um stefnu komi það í hlut skólustjórnenda að sjá til þess að allir starfsmenn skilji stefnuna og fylgi henni eftir. Stefnan þarf að endurspeglast í starfi hvers kennara. Michael Porter (2009) talar jafnframt um að ef kennararnir viti ekki hverju skólinn þeirra stefni að og hvað það sé sem geri hann frábrugðinn öðrum skólum lendi þeir í erfiðleikum með að taka nauðsynlegar ákvarðanir varðandi kennsluna og skólann. Stefnur þurfa ekki að vera flóknar eða margslungnar heldur er einfaldleikinn í sinni skýrustu mynd það sem kemur sér best við mótun nýrrar stefnu. Okkur líður best þegar að við getum tekið einhverju sem sjálfsgöðu og er það í raun meginhlutverk stefnu í skólum, að auðvelda og útskýra vinnu umhverfið og þannig jafnframt auðvelda ákvarðanatöku og gjörðir (Mintzberg, Ahlstrand og Lampel, 2009).

Þær breytingar sem orðið hafa á skólakerfi landsins undanfarin ár, svo sem einsetning grunnskólanna og yfirfærsla grunn- og tónlistarskóla til sveitarfélaga kalla óhjákvæmilega á breytingar bæði á skólamenningu og skólastefnum skólanna og ekki síður þegar þessir skólar eru komnir undir sama þak og eru að þjónusta sömu börnin á sama tíma. Í viðtali við Trausta Þorsteinsson sem birtist í bókinni *Fagmennska í skólastarfi*, sem skrifuð var til heiðurs honum, talar hann um að skólinn gegni sífellt stærra hlutverki í félagslegu uppeldi barna og ungmenna þar sem þau eyða orðið bróðurparti dagsins í skólanum. Hann talar einnig um nauðsyn þess að kennararnir vinni saman svo að einhver árangur hljóti af (2013). Þó hér sé um tvær ólíkar skólagerðir að ræða þjónusta þær báðar, eins og áður segir, sömu börnin á sama tíma og því ætti samstarf að vera sjálfsgöður hluti af starfinu. Anna Kristín (2013) talar áfram um nauðsyn þess að skólastarfið sé stutt af ýmsum þáttum í menningu skólanna eigi það að ná að skila árangri í starfsþróun kennara og ná til nemenda og telur hún upp atriði eins og virðingu, gagnkvæmt traust og stuðning .

Í handbókinni *Mat á skólastarfi – Hvað og hvernig* talar Gerður G. Óskarsdóttir um að þar sem skólar séu stofnanir séu þeir í raun fyrirtæki og því eigi árangursstjórnun og gæðastjórnun á starfi skólanna alveg eins við og í öðrum fyrirtækjum. Við markmiðssetningu og mótun viðmiða getur skólinn hæglega beitt sömu aðferðum og fyrirtæki og eins geti skóli einnig nýtt sér sömu matstæki og önnur fyrirtæki eða stofnanir við mat á skólastarfinu (1999).

2.4. HORFT TIL NORÐURLANDANNA

Við berum okkur gjarnan saman við Norðulöndin hvað varðar menntun, vinnutíma og almenn lífsgæði og verða þá helst Danmörk og Noregur fyrir valinu. Því fannst rannsakanda tilvalið að kynna sér lítilega hvernig tónlistarkennslunni væri háttað í þeim löndum og skoða hvort um einhvern samhljóm með íslenskum tónlistarskólum væri að ræða.

Þegar litið er til Norðurlandanna eru áherslur og markmið þeirra hvað varðar tónlistarnámið í fljótubragði ekki svo ólíkar áherslum okkar Íslendinga. Árið 2016 gaf norska Kulturskoleraded út Rammeplan for kulturskolen undir heitinu *Mangfold og fordypning*. Ekki ólíkt og hjá okkur á Íslandi er höfuð áherslan á tónlist fyrir alla, að tónlistarnámið sé ætlað öllum óháð þjóðerni þeirra. Stefna kulturskolen er að veita hverju barni hágæða menntun á sviði lista. Til að styrkja dreifingu menningar í samfélaginu eiga kulturskólarnir í samstarfi við almenna skóla svo sem leikskóla, grunnskóla og háskóla. Samstarfið á milli almennrar menntunar og listmenntunar þarf þó að fara fram á grundvelli nemandans, kennarans og stjórnandans. Í rammeplaned kemur fram að tónlistarnámið sé í spennu milli fortíðar, nútíðar og framtíðar og að það eigi að endurspeglar styrk og fjölbreytilega samfélagsins en jafnframt að halda í sögu og hefðir.

Tónlistarnámið fer ýmist fram í litlum hópum eða í einkatímum. Markmiðið með tónlistarkennslunni er að nemendurnir öðlist góða færni á hljóðfæri sitt í gegnum metnaðarfulla tónlistarvinnu og öðlist þannig færni til þátttöku og meðleiks, og að námið veiti þeim tækifæri til sérhæfingar og geti skilað þeim til frekari menntunar á sviði tónlistar. Eins er markmiðið að nemendurnir þroskist í sjálfstæða

tónlistarflytjendur sem kunna að njóta tónlistar í gegnum allt lífið, að þeir verði virkir hlustendur sem eigi í nánu sambandi við tónlist (Norsk Kulturskolerad, 2016).

Þegar hinsvegar skólanámskrár skólanna eru skoðaðar kemur í ljós að tónlistartímarnir skiptast þannig að einkatímar eru í 22,5 mínútur á viku eða hóptímar í 45 mínútur á viku (Lillehammer kunstscole, 2013-14). Í samtali við Önnu Hugadóttur tónlistarkennara sem búsett er og starfandi í Noregi kom í ljós að hún hafði sömu sögu að segja. Tónlistartímarnir væru yfirleitt í 20 mínútur á viku og að kennsluskylda tónlistarkennari í hundraðprósent stöðu væri að sinna fimmtíu nemendum á viku.

Í Danmörku virðast tónlistarskólarnir eiga í einhverskonar samstafi við skólana meðal annars í gegnum hljómsveita- og kóra starf. Í Lyngby-Taarbæk Musikkole er hægt að velja um ýmsar brautir, meðal annars getur nemandinn valið solo braut sem felur þá í sér einkatíma á hljóðfæri í 25 mínútur á viku. Önnur braut sem hægt er að sækja um nám í er fyrir sérstaklega hæfileikaríka nemendum. Sú braut er þriggja ára nám þar sem nemendurnir skuldbinda sig til þess að stunda hljóðfæranám sitt í þessi þrjú ár. Á þessari braut fá nemendurnir allt frá 35 mínútna og upp í 55 mínútna einkatíma á hljóðfæri sitt á viku ásamt tímum í þeim bóklegum fögum er viðkemur tónlist. Hversu langir einkatímarnir eru virðist vera breytilegt eftir skólum. Til þess að eiga möguleika á þessu námi þurfa nemendur að þreyta inntökuþróf, sem fram fer einu sinni á ári.

Það virðist því vera svo að nágrannaþjóðir okkar hafi farið í það að stytta kennslutímamann til þess að koma fleiri nemendum að. Óhjákvæmilega veltir maður fyrir sér hvort að kennsluskylda eins og í Noregi komi ekki niður á gæðum sjálfrar tónlistarkennslunnar. Einnig er áhugavert að sjá að það sem við Íslendingar álítum almennt og sjálfsagt tónlistarnám virðist í Danmörku eingöngu ætlað sérstaklega hæfileikaríkum nemendum.

3. AÐFERÐAFRÆÐI RANNSÓKNAR

Í þessum kafla er farið yfir þá aðferðafræði sem notast er við í þessari rannsókn. Þá verður farið yfir val á þátttakendum rannsóknarinnar, hvaða gögn er stuðs við og hvernig þeirra var aflað. Einnig verður farið yfir réttmæti og áreiðanleika rannsóknarinnar, gagnagreiningu og stöðu rannsakandans gagnvart rannsókninni.

3.1.ÞÁTTTAKENDUR RANNSÓKNAR

Þýði rannsóknarinnar eru kennarar tónlistarskóla sem starfa við tónlistarskennslu innan grunnskóla en einnig eru í þýðinu skólastjórar og deildarstjórar tónlistarskóla. Þetta þýði varð fyrir valinu þar sem það hentar best markmiðum rannsóknarinnar sem og rannsóknarspurningunum. Flest hafa þau hlotið sína tónlistarmenntun í tónlistarskólum er staðsettir voru í sínu eigin húsnæði og ættu því að þekkja vel til þess fyrirkomulags líka. Þar sem að tónlistarkennsla fer oftast fram í einkatímum og í nánú samstarfi við nemendur telur rannsakandi að þetta þýði veiti hvað besta yfirsýn yfir getu og framfarir nemandans og sé því hæfast til að meta ástundun og framfarir hans fyrir og eftir samþættingu skólanna. Eins eru það kennararnir sem hafa hvað mesta vitneskju er kemur að því hvernig samstarfi milli skólanna er háttað og hvernig aðstaðan til tónlistarkennslunnar er í grunnskólunum. Ísland er lítið land og tónlistarheimurinn enn minni og því ekki hjá því komist að rannsakandi þekki til einhverra viðmælenda sinna.

Farið var yfir lista tónlistarskóla á landinu öllu og upplýsinga aflað um starfsemi þeirra svo sem á heimasíðu skólanna eða sveitarfélaganna. Flokkaðir voru úr listanum þeir tónlistarskólar sem eiga í einhverskonar samstarfi við grunnskólana og þeir síðan aftur flokkaðir í þrjú flokka:

1. Í fyrsta flokknnum voru tónlistarskólar sem starfa bæði í eigin húsnæði og inni grunnskólunum og voru það samtals 16 skólar þar af 5 í Reykjavík.
2. Í flokki tvö voru tónlistarskólar sem starfa eingöngu inni í grunnskólunum. Samtals voru það 12 skólar, þar af 6 skólahljómsveitir á Reykjavíkursvæðinu.

3. Í þriðja flokknum voru tónlistarskólar sem hafa verið samþættir grunnskólanum og starfa í sama húsnæði og hann, undir einum skólastjóra en þeir skólar voru 4 talsins.

Þátttakendur rannsóknarinnar voru síðan valdir með slembiúrtaki af þeim lista. Tónlistarskólar eru misjafnir að stærðum og hafa ólíkar áherslu í starfi sínu. Til þess að fá sem nákvæmasta niðurstöðu var því leitast við að hafa úrtakið sem fjölbreyttast hvað varðar aldur þátttakenda og áherslur skólanna í kennslu. Eins var reynt að hafa úrtakið eins dreift um landið og kostur var.

3.2. HÖNNUN Á RANNSÓKN OG RANNSÓKNARNÁLGUN

Þeim tónlistarskólum sem færðir eru inn í grunnskólana fjölgar stöðugt. Árið 2009 svöruðu 45% skólastjórnenda því til að starfsemi tónlistarskólans væri inn í grunnskólanum og 80% sögðu tónlistarskólann í eigin eða öðru húsnæði samkvæmt skýrslu FT (FT, 2009). Ekki tókst að finna nýrri staðfestar tölur yfir þann fjölda tónlistarskóla sem starfa inni grunnskólunum þótt leitað væri á helstu stöðum er ættu að geyma upplýsingar sem þessar og eins til ýmissa aðila.

Eftir að hafa fylgst með tónlistarskóla sem var fluttur inni grunnskóla; án þess að ákveðið skipulag væri á sjálfum flutningnum eða væntanlegu samstarfi skólanna; án þess að farið væri í nýja stefnumótun eða nægilegan undirbúning kennara og stjórnenda og án þess að góð aðstaða til tónlistarkennslunnar væri til staðar, vaknaði áhugi hjá rannsakanda þess efnis að skoða hvernig þessu væri yfirhöfuð almennt háttað og hvort yfirleitt væri verið að fara í þessar samþættingar án skýrrar stefnu og uppfræðslu starfsfólks. Einnig þótti verðugt að skoða hvort samþætting skóla væri hugsanlega einungis úrræði sveitarfélaga til rekstrarhagræðingar á kostnað gæða sjálfs námsins og starfsánægju kennaranna.

Í grundaðri kenningu skoðar rannsakandinn ákveðið ferli aðgerða og reynir í lokin að þróa með sér kenningu um þetta ákveðna ferli eða athæfi (Creswell, 2013). Gögnin geta komið úr ýmsum áttum í grundaðri kenningu svo sem úr skýrslum, viðtölum, spurningarlistum og eldri rannsóknum og eru þau greind um leið og þeim er safnað. Grunduð kenning gefur einnig færi á að farið sé fram og til baka í greiningu og veitir

sem sagt eins konar ramma með misjöfnum greiningartækjum en gefur einnig ákveðið frelsi til nýrra kenninga (Unnur Guðrún Óttarsdóttir, 2013). Þar sem unnið verður með ýmis gögn í þessari rannsókn svo sem lög og lagafrumvörp, skýrslur, námskrár og viðtöl fannst rannsakanda að grunduð kenning félli einna best að þessari rannsókn.

Vitað var fyrir fram að viðmælendur rannsóknarinnar yrðu ekki margir en ekkert var þó því til fyrirstöðu að metnun gagna næðist með þeim fjölda viðtala sem tekin voru. Í staðinn var leitast við að hafa úrtak viðmælendanna eins dreift um landið og mögulegt var þannig að þó að viðmælendurnir eigi sameiginlega þá upplifun að sinna tónlistarkennslu innan veggja grunnskólanna þá starfa þeir ekki saman og höfðu enga vitneskju hver um annan. Til þess að tryggja nafnleynd viðmælendanna í þessari rannsókn og svo að síður væri hægt að rekja ummæli þeirra var ákveðið að greina ekki frá kyni viðmælendanna. Viðtölin og viðmælendurnir sjálfir eru því merktir tölustöfum frá 1 upp í 8.

3.3. LÝSING Á RANNSÓKNARAÐFERÐ

Í leit að svari við rannsóknarspurningunni var ýmsum eigindlegum gögnum safnað saman í grundaðri kenningu því ein af eigindlegu rannsóknaraðferðunum er grunduð kenning (Unnur Guðrún Óttarsdóttir, 2016). Í upphafi var rýnt í ýmis skjöl og skýrslur og upplýsingar úr þeim greindar og flokkaðar með það í huga að skapa grunn fyrir viðtölin og samanburð fyrir niðurstöður.

Eigindleg einstaklingsviðtöl við úrtak kennara og stjórnendur tónlistarskóla sem vinna innan veggja grunnskólanna voru stærsti þáttur rannsóknarinnar. Þar sem verið var að skoða reynslu, upplifun og viðhorf fólks á ákveðnu um athöfnum svo sem kennslu, samstarfi og líðan þótti rannsakanda eigindleg einstaklingsviðtöl þjóna þeim tilgangi best (Helga Jónsdóttir, 2016). Eins var ákveðið að notast frekar við viðtöl heldur en spurningarlista til þess að geta fylgt eftir spurningum og farið dýpra í þær. Viðtölin voru hálf opin með fyrirfram ákveðnum spurningum en leitast var við að hafa gott flæði í þær og gera persónulegar. Viðtölin voru augliti til auglitis þar sem því var komið við en þar sem úrtakið var vel dreift um landið var notast við símaviðtöl þegar þess gerðist þörf. Notast var við sömu spurningar og aðferðir eins og í viðtölunum þó að um

símaviðtöl væri að ræða. Helsti ókosturinn við einstaklingsviðtöl er að þar sem þau snúast um mannleg samskipti getur reynst erfitt að tryggja réttmæti þeirra (Helga Jónsdóttir, 2016).

Einnig var rýnt í ýmsar erlendar blaðgreinar og rannsóknir á tónlist í skólum og þær bornar saman við viðtölin til þess að öðlast betri sýn á niðurstöður úr viðtölunum. Eins voru hugmyndir um nauðsyn stefnumótun og markmiðssetningu í skólum og við breytingar á skólarekstri skoðaðar og bornar saman við niðurstöður viðtalanna.

3.4. FRAMKVÆMD RANNSÓKNAR OG AÐGENGI AÐ GÖGNUM

Leitað var til Félags stjórnenda og kennara í tónlistarskólum sem og Sambands íslenskra sveitarfélaga um nákvæmari tölu yfir fjölda starfandi tónlistarskóla á landinu og eins þann fjölda tónlistarskóla sem starfar inn í grunnskólunum en treglega gekk að fá þær upplýsingar og var því ákveðið að notast við lista yfir tónlistarskóla á landinu, sem finna má á heimasíðu musik.is. Á þeim lista eru tónlistarskólarnir í landinu 83 þar af eru 46 á Reykjavíkursvæðinu. Bein tenging er af síðunni yfir á heimasíður tónlistarskólanna og var því hver og einn skóli skoðaður, skólastarfið, skólanámsskrá og kennaralisti hans. Út frá þeim upplýsingum er safnað var í þessari vinnu voru skólarnir flokkaðir í þá sem störfuðu eingöngu í eigin húsnæði og þá sem að áttu í einhverju samstarfi við grunnskólana. Þar sem einungis var verið að leita eftir tónlistarskólum á landsbyggðinni eða nærsveitum Reykjavíkur, sem starfa í nánú samstarfi við grunnskólana varð úrtak tónlistarskóla fyrir rannsóknina því í upphafi um 37 tónlistarskólar. Við nánari skoðun gagnanna kom í ljós að einhverjar breytingar höfðu þó orðið á undanförunum árum. Einhverjir tónlistarskólar hafa lagt niður starfsemi sína og enn aðrir sameinast. Það fór svo að endingu að í úrtakinu voru tuttugu tónlistarskólar, dreifðir um allt landið. Þessir tuttugu tónlistarskólar voru greindir niður í þrjá flokka:

- a) Tónlistarskólar sem eru í nánú samstarfi við grunnskólana og kenna því bæði í húsnæði tónlistarskólans sem og inn í grunnskólanum og voru ellefu skólar í þeim flokki

- b) Tónlistarskólar með húsnæði sitt eingöngu inn í grunnskólanum, í þeim flokki voru sex tónlistarskólar
- c) Tónlistarskólar þar sem starfsemi þeirra hefur verið samþætt grunn- og leikskóla undir einum stjórnanda og í þeim flokki voru fjórir skólar.

Sendur var tölvupóstur eða skilaboð í gegnum tölvuforritið Messenger á átta tónlistarskóla úr fyrsta hópnum, eða hóp a), sem valdir voru að handahófi en bæði var svörun ekki góð eða viðkomandi kennari sá sér ekki fært að taka þátt í rannsókninni. Eins var sent á alla tónlistarskólana í hópi b) og tvo tónlistarskóla í hópi c) sem einnig voru valdir af handahófi. Pósturinn var sendur á tvo til þrjá kennara, flestra skólanna. Ísland er lítið land og tónlistarheimur landsins ekki mjög stór og því var óhjákvæmilegt að rannsakandinn þekkti til einhverra viðmælenda sinna og þar sem svörun gekk hægt og ílla reyndi rannsakandi þá að nýta sér þau sambönd sem hann hefur. Það skal samt tekið fram að þó hann þekki einhverja viðmælenda sinna á hann ekki í daglegum eða nánnum samskiptum við neinn þeirra og leitaðist rannsakandi við að gæta eins mikils hlutleysis í viðtölum sínum og hægt var.

Að endingu varð úrtak rannsóknarinnar eftirfarandi:

- Fimm tónlistarskólar úr flokki a)
- Tveir úr flokki b)
- Einn úr flokki c)

Var leitast við að úrtakið úr c) flokknum yrði einnig tveir skóla til þess að fá betri sýn yfir starfsemi tónlistarskólanna innan þess flokks en ekki fékkst svörun við því. Einnig var leitast við að hafa úrtakið sem dreifðast yfir allt landið til að öðlast betri heildar sýn yfir starf tónlistarskólanna á öllu landinu.

Rannsakandi tók þá ákvörðun að hafa Reykjavík ekki með í rannsókninni því tölvuverður munur er bæði á rekstri og yfirstjórnun skólanna eftir því hvort starfsemi þeirra er á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni (FT, 2009). Eins er starfssemi tónlistarskóla á höfuðborgarsvæðinu orðin ansi fjölbreytt og því fannst rannsakandi það flækja á rannsókninni óþarlega. Formið sem var til skoðunar er ennþá mun

algengara á landsbyggðinni en á Reykjavíkursvæðinu. Þó starfa að minnsta kosti tveir viðmælendanna við tónlistarskóla bæði á landsbyggðinni sem og á höfuðborgarsvæðinu. Þá var einnig ákveðið að taka ekki skólahljómsveitirnar með í rannsóknina því þótt þær séu starfræktar innan grunnskólanna eru þær sér kaflar út af fyrir sig og eftir að hafa kynnt sér formið lítilliga tók rannsakandi þá ákvörðun að hafa þær ekki með í rannsókninni. Hins vegar mætti vel hugsa sér að starfsemi og rekstur þeirra væri tilefni til annarra rannsókna.

Þrettán spurningar voru lagðar fyrir viðmælendurna og voru viðtölin ýmist augliti til auglitis eða í gegnum síma. Fyrsta viðtalið fór fram 13. október 2017 og það síðasta 5. nóvember 2017 (sjá spurningaramma í viðauka 2). Viðmælendur gáfu allir leyfi sitt fyrir því að viðtölin væru hljóðrituð og skrifuð upp.

3.5. GREINING GAGNA

Grunduð kenning býður upp á að greiningarferlið þróist í gegnum rannsóknina (Creswell, 2013) og á það ágætlega við þessa rannsókn. Byrjað var á að rýna í aðalnámskrár bæði grunnskólanna og tónlistarskólanna, lög og lagafrumvörp, er viðkoma grunnskólum og tónlistarskólum og skýrslur og kannanir á gæðum tónlistarskólanna og kerfum þeirra. Nokkuð nákvæmlega var rýnt í allt ofantalið og upplýsingarnar úr þeim teknar og nýttar sem hugmyndir fyrir spurningarlista fyrir úrtak tónlistarskólakennara.

Næst var eigindlegum einstaklingsviðtölum safnað og þau skráð. Við greiningu á gögnunum var notast við þemagreiningu (coding analysis) og því voru viðtölin lesin vandlega yfir áður en farið var í að merkja inn í þau og flokka. Eftir að hafa rýnt vandlega í viðtölin fór rannsakandi aftur yfir textann og merkti þann texta sem honum fannst mikilvægastur og eiga hvað best við efni rannsóknarinnar. Því næst var sá texti sem hafði verið merktur í svörum allra viðmælenda lesinn vel yfir, borinn saman og flokkaður niður í fimm þemu. Þemunum var síðan gefið nafn og texti hvers þema lesinn aftur yfir og að lokum valið úr honum það sem virkilegu máli skipti fyrir rannsóknina (Sigríður Halldórsdóttir, 2016). Var þetta gert til að fækka þeim þáttum sem unnið var með, gera gögnin meðfærilegri og auðvelda greiningu á þeim (Unnur Guðrún

Óttarsdóttir, 2016). Áherslan í flokkuðum niðurstöðum viðtalanna var á samfellu og því reynt að koma auga á tengsl niðurstaðna við fræðikaflann, það er þær kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrám skólanna og lögum þeim tengdum (Sigríður Halldórsdóttir, 2016, bls. 240).

Þá voru erlendar blaðgreinar og rannsóknir á tónlist inn í skólum skoðaðar með hliðsjón af niðurstöðum viðtalanna. Að endingu var leitast við að svara rannsóknarspurningunum og mynda heildstæðar niðurstöður út frá samanburði gagnanna í þessari rannsókn til þess að auka skilning rannsakandans á viðfangsefninu og gögnunum (Unnur Guðrún Óttarsdóttir, 2016).

3.6. RÉTTMÆTI OG ÁREIÐANLEIKI RANNSÓKNAR

Til þess að fá sem fjölbreyttust og flest sjónarmið að borðinu frá starfsfólki tónlistarskólanna innihélt þýði rannsóknarinnar bæði kennara og stjórnendur tónlistarskóla með ólíkan og fjölbreyttan bakgrunn og tónlistarmenntun. Eins var reynt að hafa þýðið eins dreift um landið og mögulegt væri svo koma mætti í veg fyrir að upplifun þeirra væri sameiginleg þó svo þeir hefðu allir upplifað það sama. Þó var ákveðið að undanskilja höfuðborgarsvæðið frá rannsókn þessari, vegna þess hversu ólíkur rekstur og yfirstjórn þeirra skóla er frá skólum á landsbyggðinni. Þó störfuðu að minnsta kosti tveir viðmælendanna einnig í tónlistarskólum á höfuðborgarsvæðinu og því bárust þeir tónlistarskólar óhjákvæmilega í tal. Úrtak þýðisins varð eitthvað minna en til stóð í upphafi en telur rannsakandi að góð metnun hafi náðs þar sem lítið var um nýjar upplýsingar og viðmælendurnir voru nokkuð sammála í svörum sínum. Því taldi hann að ekki hefði fengist ný sýn á rannsóknarefnið þó að bætt hefði verið við úrtakið.

Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á samstarfi grunnskóla og tónlistarskóla og það litla sem hefur verið skoðað hefur þá frekar snúist um sýn skólastjórnenda skólanna en ekkert um upplifun kennaranna sem starfa á hverjum degi undir þessu skipulagi. Því ætti notagildi sem og þekkingarframlag rannsóknarinnar að vera nokkuð og ættu niðurstöður þessarar rannsóknar að koma að notum við undirbúning og skipulag samstarf skólanna. Með hliðsjón af fræðikafla rannsóknarinnar þar sem fjallað er um hvernig skuli standa að samstarfi og samþættingu skólanna telur rannsakandi að sjálf

rannsóknin passi vel inní samhengi utan við rannsóknina sjálfa. Gott samhengi er á milli fræðilega hlutans sem rannsóknin byggir á og sjálfra rannsóknargagnanna og ætti því ytra réttmæti rannsóknarinnar að vera töluvert (Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir, 2016). Eins voru rannsóknarspurningarnar í stöðugri þróun í gegnum allt rannsóknarferlið til þess að auka við aðferðafræðilegt samhengi rannsóknarinnar og réttmæti (Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir, 2016).

Þrátt fyrir að rannsakandinn hafi sjálfur ákveðnar skoðanir á rannsóknarefninu gætir hann þess til hins ítrasta að setja þær til hliðar og láta þær ekki hafa áhrif á niðurstöður rannsóknarinnar. Það er því mjög mikilvægt fyrir rannsakandann að gæta hlutleysis og að setja eigin viðhorf inn í sviga (e.bracketing) (Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir, 2016).

3.7. STAÐA RANNSAKANDA INNAN RANNSÓKNAR

Á árunum 2005-2015 starfaði rannsakandi sem tónlistarkennari í tónlistarskóla á landsbyggðinni og fór kennsla á vegum skólans bæði fram innan grunnskóla og í sérstöku húsnæði tónlistarskólans. Einnig hefur rannsakandi starfað sem tónmenntarkennari í grunnskóla bæði á vegum tónlistarskóla sem og grunnskóla og telur sig því hafa ágæta þekkingu á ólíku formi tónlistarkennslunnar. Tónlistarmenntun sína hlaut hann hinsvegar í sjálfstætt starfandi tónlistarskóla á höfuðborgarsvæðinu. Þessi þekking á kerfi tónlistarskólanna veitir rannsakandanum án efa dýpri skilning á rannsóknarefninu og innsýn.

Það er kostur að þekkja inná tónlistarskólakerfið á Íslandi til þess að átta sig betur á forsögu þess og framtíð. Hinsvegar getur hættan einnig leynst í því að hafa starfað innan þessa kerfis og jafnvel mótað sér skoðanir á því hvað sé gott og hvað sé slæmt. Eins er tónlistarheimurinn á Íslandi ekki það stór að útilokað er að eitthvað af viðmælendunum séu rannsakanda ekki að einhverju leyti kunnug en vel má telja það bæði kost og galla.

Þar sem að rannsakandinn hefur ekki jafn mikla reynslu og þekkingu á tónlistarnáminu innan grunnskólans, þar sem hann ólst ekki upp við það kerfi, skal viðurkennast að tilhneiging hans er til að halda að þetta kennslufyrirkomulag sé ekki gott en rannsakandi

er mjög meðvitaður um þessa skoðun sína og mun því reyna að lágmarka áhrif hennar á rannsóknina eins og kostur er.

4. NIÐURSTÖÐUR

Við úrvinnslu og samburð á viðtölunum sem tekin voru þótti rannsakanda við hæfi að skipta niðurstöðunum niður í fimm flokka og greina þær út frá þeim. Eflaust hefði verið hægt að hafa flokkana fleiri en rannsakandi taldi að þessir flokkar gæfu besta heildarsýn á samstarfið milli tónlistarskólanna og grunnskólanna.

4.1. INNRA STARF TÓNLISTARSKÓLANNA

Þessi kafli skiptist í tvennt; annars vegar er fjallað um hlutverk tónlistarskólanna í dag séð frá sjónarhorni tónlistarkennaranna og stjórnenda og hins vegar hvernig stefnumótun og markmiðs setning í starfi tónlistarskólanna er háttað..

4.1.1. Hlutverk tónlistarskólanna

Tónlistarskólakerfið á Íslandi byggir á áralöngum hefðum og hefur lítið breyst frá því fyrsti tónlistarskólinn var stofnaður. Þó svo að flóran í tónlistarnámi landsins sé að verða ansi fjölbreytt hefur einkakennsluformið haldist að mestu óbreytt. Tónlistarkennararséttin hefur einnig löngum þótt íhaldssöm og viljað halda í gamalt kerfi en það kerfi er líka það sem að flestir þeirra þekkja úr sínu eigin námi og hefur reynt þeim vel. Flest hafa þau einnig á einhverjum tímapunkti þurft að berjast fyrir bæði tónlistarskólakerfinu sem og sjálfu starfinu. Viðmælendurnir voru þó flestir sammála um að tónlistarnám á Íslandi væri að breytast og að það þyrfti að breytast en að jafnframt væri nauðsynlegt að varðveita það sem hefur verið byggt upp á löngum tíma eða eins og einn viðmælandinn orðaði það:

Það er rosalega mikilvægt að varðveita það sem að við höfum, sem er náttúrulega ótrúlega flott kerfi miðað við mörg lönd, en verðum að vera duglegri að uppfæra okkur (viðmælandi 6).

Allir voru viðmælendurnir sammála um mikilvægi tónlistarskólanna í samfélaginu og töldu þá spila stórt hlutverk í nútíma samfélagi. Talað var um nauðsyn þess að tónlistarskólarnir væru þessi þjónandi menntastofnun sem þjónusti þá sem vildu leggja tónlist fyrir sig en að þeir yrðu einnig að sinna þeim sem einungis vildu fá tækifæri á að kynna tónlist á einhvern hátt. Einn viðmælandinn orðaði það á þann hátt:

[...] að nemendurnir fari frá okkur hæfir til að taka virkan þátt í tónlistarlífi samfélagsins og að megin hlutverk tónlistarskólanna sé að búa til grundvöll fyrir tónlistarlíf á Íslandi (viðmælandi 7).

Í mörgum grunnskólum, sérstaklega á landsbyggðinni, virðist tónmenntakennslan vera lítil eða engin og á einhverjum stöðum er hún komin í hendur tónlistarskólanna. Af þeim átta viðmælendum sem rætt var við var engin tónmenntakennsla í starfsumhverfi tveggja þeirra. Þrír viðmælendur töluðu um að það væri einhver tónmenntarkennsla og að hún væri í höndum tónlistarskólans. Aðeins einn viðmælandi talaði um góða tónmenntarkennslu og að gott samstarf væri við tónmenntakennarann. Ætla má að hlutverk tónlistarskólanna breytist og verði veigameira og víðtækara ef engin er tónmenntakennslan í grunnskólanum, sem jafnvel verður þá einnig til þess að hlutverk tónlistarskólans verður veiga meira og skólinn meira áberandi í samfélaginu. Einn viðmælandinn orðaði það þannig að:

Tónlistarskólar á landsbyggðinni hafa örlítið öðruvísi hlutverk heldur en tónlistarskólar á höfuðborgarsvæðinu til dæmis. Við kannski gegnum örlítið veiga meira menningarhlutverki í okkar samfélögum og í sumum samfélögum má líta á tónlistarskólann nánast sem þungamiðju samfélagsins (viðmælandi 7).

Á landsbyggðinni og þá sérstaklega í minni samfélögum vill það verða að hlutverk og þátttaka tónlistarskólanna verður stærra og veiga meira í samfélaginu. Hlutverk tónlistarskólanna verður þá meðal annars að sjá um tónlistarfræðslu í grunnskólunum og oftar en ekki eru þeir farnir að taka þátt í leikskólastarfinu með tónlistartímum og annarri tónlistarfræðslu. Þeir sjá um tónlistarflutning og skemmtun fyrir íbúa dvarlarheimillanna og verða virkir þátttakendur í hátíðarhöldum bæjarins og samfélagsins:

Tónlistarskólinn á Patreksfirði er dæmi um slíkan tónlistarskóla en undanfarin ár hefur verið mikill uppgangur í starfsemi skólans og er hann orðinn öflugur og sjáanlegur þátttakandi í samfélaginu. Nemendur hans koma orðið fram á hinum ýmsu uppákomum í samfélaginu eins og til dæmi styrktartónleikum, jólaböllum og öðrum skemmtunum bæjarins (Fimmtugur tónlistarskóli, *Fréttablaðið* 13. janúar 2018).

Oftar en ekki spilar samt viðhorf bæjar- eða sveitarstjórnarinnar til tónlistarskólans og tónlistarnámsins stóran þátt í stöðu hans innan samfélagsins. Einar Bragi, skólastjóri Tónlistarskóla Vesturbyggðar segir í sömu blaðagrein og getið er hér að ofan, að ástæðan fyrir uppgangi tónlistarskólans sé meðal annars bjartsýni í bæjarfélaginu og mikill stuðningur bæjaryfirvalda varðandi starfið. Einn viðmælandanna talar einnig um hversu langt og vel það hafi komið tónlistarskólanum að vera sterkur þátttakandi í samfélaginu og að það hafi átt þátt í því skólinn öðlaðist velvild stjórnvalda bæjarins.

Einhverjir viðmælandanna höfðu áhyggjur af því að verið væri að tómskundavæða tónlistarnámið, að tilhneiging væri hjá nemendum til þess að líta á tónlistarnámið sem tómskund sem þeir þyrftu ekki að sinna utan tónlistartíma og töluðu um að tónlistarskólarnir yrðu að bregðast við því. Þetta viðhorf virðist vera að aukast meðal tónlistarkennara og velti einn viðmælandanna upp þeirri hugmynd að ef til vill fælist þetta í orðalaginu og tengingunni við íþróttaiðkun barna. Nemendur væru hættir að tala um að þeir væru að læra á hljóðfæri og að fara í hljóðfæratíma heldur se gðu þau frekar að þau væru að fara á tónlistaræfingu og hljóðfæraæfingu líkt og um íþróttæfingu sé að ræða.

Ungmennin sækja íþróttæfingar svo og svo oft í viku en þurfa ekki að æfa sig heima á milli æfinga og taldi viðmælandinn að þetta fyrirkomulag væri hugsanlega að smitast yfir í tónlistarnámið. Þannig séu nemendurnir farnir að líta á sjálfa tónlistartímana sem æfingu. Hins vegar má einnig vel velta upp þeim möguleika að tómskundavæðing tónlistarnámsins sé hugsanlega að hluta til kennurum eða foreldrum um að kenna. Tónlistarkennararnir gera ekki nægilegar kröfur til nemenda sinna og foreldrarnir fylgja æfingum heima fyrir ekki eftir. Yfir heildina voru þó viðmælandurnir ánægðir með fyrirkomulag og hlutverk tónlistarskólanna.

Við höfum rosalega gott kerfi og mér finnst mjög mikilvægt að við höldum utan um það (viðmælandi 2).

4.1.2. Stefnumótun og markmið

Einhverjar hræringar virðast vera í stefnumótun og markmiðssetningu tónlistarskólanna en erfitt reyndist að finna einhvern einn samhljóm í svörum viðmælendanna. Svo virðist sem tónlistarskólarnir séu að notast við ýmsar gerðir skólanámsskráa en oft á tíðum virðist einhver skortur á upplýsingaflæði og leiðbeiningum stjórnenda til kennara á því hvað skólanámsskráin sé og hvernig skuli unnið eftir henni. Hvaða hlutverki skólanámsskránni er ætlað að gegna í almennu starfi skólans. Í starfsumhverfi eins viðmælandans var verið að notast við gamla skólanámsskrá og þó að hún væri lesin yfir og uppfærð reglulega taldi viðmælandinn að tímabært væri að ný og meðvitaðri stefna fyrir skólann liti dagsins ljós og að nauðsynlegt væri að skólinn afmarkaði betur stefnu sína og skilgreindi sig betur. Í öðrum skóla var hafin vinna við stefnumótun og endurskoðun námskrárinnar og höfðu kennarar skólans tekið þátt í SWOT greiningu og hugarflugi (e. brainstorming) sem fram fór á starfsmannafundi tónlistarskólans. Hjá einum af þeim átta viðmælendum sem rætt var við var ný skólastefna samin í fyrri í samvinnu við kennarana og hafði sá viðmælandi á orði hversu mikilvægt væri að skólinn hefði stefnu eða eins og hann orðaði það:

Það er mjög mikilvægt að hafa stefnu þar sem hún hjálpar til við alla ákvarðana töku og slíkt. Ef engin er stefnan veit maður ekkert hverju maður er að vinna að (viðmælandi 7).

Annar viðmælandinn talaði um stutta og laggóða skólanámsskrá sem finna mætti á heimasíðu skólans. Enn annar viðmælandi vissi ekki til þess að til væri nein ákveðin skólanámsskrá en hins vegar væri skólinn með formlegar reglur fyrir flest svo sem skólareglur, tónleikareglur og fleira sem flestir væri upplýstir um. Aðeins tveir af viðmælendum töluðum um mikilvægi þess að skólinn hefði skýra og góða stefnu eða eins og annar viðmælandinn orðaði það:

Það er bara mjög hollt líka bara að hugsa, hvað stöndum við fyrir og hvað viljum við vera og hvernig viljum við vera (viðmælandi 1).

Eins og áður segir bendir ýmislegt til að eitthvað virðist skorta á að stjórnendur upplýsi starfsmenn sína um hlutverk og tilgang skólanámskráa.

4.2. TÓNLISTARNEMANDINN

Ástundun og aðhald tónlistarnemanna eru skoðuð í þessum kafla með tilliti til staðsetningar tónlistarskólanna og því velt upp hvort máli skipti hvort tónlistarskólinn sé staðsettur í eigin húsnæði eða inn í grunnskólanum þegar að kemur að aðhaldi foreldra og ástundun nemendanna.

4.2.1. Aðhald og ástundun

Flestir viðmælendanna voru sammála um að aðhald og þátttaka foreldranna væri persónubundin og því misjöfn eftir hverjum og einum. Hvort að tónlistarskólinn væri staðsettur innan veggja grunnskólans eða í sér húsnæði töldu þau ekki skipta máli. Yfirleitt virtist ríkja almenn ánægja með starf tónlistarskólanna og kennara þeirra. Einn viðmælandinn vildi meina að ef einhverrar óánægju gætti hjá foreldrunum væri ónógu upplýsingaflæði til þeirra um að kenna eða eins og hann orðaði það:

Þeir foreldrar sem lýsa yfir óánægju með skólana hafa einfaldlega ekki fengið næg skilaboð (viðmælandi 3).

Við samanburð á viðtölunum má þó lesa að eitthvað skorti hugsanlega almennt á að upplýsingarnar um sjálft skipulag skólastarfsins berist til foreldranna. Annar viðmælandi hafði orð á því að:

Foreldrarnir séu stundum smá stund að fatta að þetta er ekki sami skólinn (viðmælandi 6).

Hann/hún útskýrir það áfram sem svo að foreldrarnir átti sig til dæmis ekki á því að þeir þurfi að láta vita líka í tónlistarskólann ef að barnið þeirra er veikt og mætir af þeim sökum ekki í skólann.

Viðmælendurnir höfðu sömu sögu að segja um ástundun nemendanna. Sumir nemenda eru áhugasamir og hafa þennan brennandi neista af áhuga og ákafa á meðan aðrir einfaldlega hafa hann ekki. Líkt og með aðhald og þátttöku foreldranna töldu viðmælendurnir að ástundun nemendanna væri persónubundin og töldu sig ekki finna neinn mun á því hvar tónlistarskólinn væri staðsettur. Einn viðmælandinn hafði þó á orði að:

Börnin væru náttúrulega mun hressari fyrr á deginum heldur en eftir skólatíma (viðmælandi 8).

Eins og gefur að skilja. Eftir langan skólادag getur reynst erfitt að þurfa að fara aftur út seinnipart dags til þess að sækja tónlistarnámið. Einn viðmælandinn talaði þó um að honum fyndist almennt áhugaleysi hjá nemendum fara vaxandi og að nemendurnir ættu sífellt erfiðara með að einbeita sér.

Þau eru svo mikið í einhverju þar sem fókusinn er svo flóktandi að ætla að einbeita sér að læra eitthvað píanóstykki sem er ein blaðsíða utan að á fimm dögum er bara of mikil einbeiting (viðmælandi 1).

Viðmælandinn velti því fyrir sér hver ástæða þess kynni að vera og velti upp þeirri hugmynd að hugsanlega væri aukinni tölvunoktun barna um að kenna. Það færi svo mikill tími nemenda í tölvur og tölvuleiki þar sem hraði og læti virðast vera allsráðandi.

Tónlistarskólarnir virðast í síauknum mæli vera farnir að notast við samskiptaforrit eins og Da Capo og Visku sem gera kennurunum kleift að eiga í samskiptum við foreldrana, til dæmis til að koma til þeirra tilkynningum og öðrum upplýsingum er varða nám barna þeirra svo sem tilkynningum um tónleika og æfingar og jafnvel halda úti æfingadagbók, þar sem kennarinn ritar hvað nemandinn á að æfa heima og í einhverjum tilfellum getur foreldri eða nemandi einnig merkt inn hvað hann æfði og hve oft.

Ég er með svona samskiptadagbók. Ég reyni alltaf að skrifa í dagbók sem er svona dagbókarfærsla ef foreldrið er ekki með þá sendi ég heim svo það sé vitað hvað barnið fór yfir í tímanum. Svo framalega sem nettengingin er í lagi þá er þetta ofsalega sniðugt (viðmælandi 2).

Eins nota kennarar forritin til að skrá nemendur bæði í próf og á tónleika. Þessi forrit geta því vel komið til móts við bæði samskipta þarfir kennarans sem og skipulagningu hans á náminu. Einn viðmælandinn hafði góða þekkingu á Da Capo kerfinu og lýsti því sem svo:

Þetta er mjög fínt kerfi með náttúrulega allar mætingar og allt. Maður skráir nemendur í próf gegnum þetta. Skráir á tónleika í gegnum þetta og meira segja nýjasta er það er kominn foreldra aðgangur bara eins og mentor sem þau geta þá séð mætingar og séð prófasöguna þeirra. Svo geturðu sent út náttúrulega tölvupósta úr þessu og sms (viðmælandi 6).

Í öllum tilvikum eru nemendurnir teknir út úr almennum kennslustundum í tónlistarnámið. Í *Aðalnámskrá tónlistarskólanna* er talað um að óheimilt sé að taka nemendur úr út kennslustund nema með skriflegu leyfi foreldris (Almennur hluti, 2000). Sú reyndist þó raunin hjá flestum viðmælendunum, að farið væri eftir þessari kröfu. Í einum skólanum þurfti skriflegt leyfi foreldris og skólastjóra beggja skóla og í öðrum var búið að setja þetta sem valmöguleika í skólaumsóknina þar sem foreldri getur hakað í eftir sínum vilja. Einhverjir viðmælandanna töluðu þó um að svona hefði þetta bara alltaf verið og að foreldrarnir væru meðvitaðir um þetta fyrirkomulag og vissu því hverju þeir gengju að. Þar af leiðandi væri ekki talin þörf á skriflegu leyfi frá þeim. Í starfsumhverfi einhverra viðmælandanna hafði verið þróuð einhverskonar regla út frá aldri um hvaða bekkri væri leyfilegt að taka út úr kennslustundum svo sem frá 3. bekk og upp í 7. bekk svo eitthvað sé nefnt.

4.3. TÓNLISTARKENNINGARINN

Í þessum kafla er tekið saman það sem að snýr að sjálfum kennaranum, hans upplifun af samstarfi grunnskóla og tónlistarskóla og sýn hans á tilgang tónlistarskólanna sem og vinnu umhverfi hans og aðstöðu til kennslunnar.

4.3.1. Samvinna skólanna – kostir og gallar

Allir voru viðmælendurnir sammála um að helsti kosturinn í samstarfi skólanna væri vinnutíminn og það að hafa aðgang að nemendum fyrir hluta dags. Fyrir einsetningu grunnskólanna hófst vinnudagur tónlistarkennarans ekki fyrr en eftir venjulegan skóladag eða í kringum hádegi og stóð yfirleitt fram til klukkan sjö eða átta að kvöldi. Fyrir tónlistarkennarann er það því mikill kostur að geta unnið og klárað sína vinnu á dagtíma þannig að vinnan komi ekki niður á fjölskyldulífi kennarans. Fyrir nemandann er það kostur að geta klárað tónlistartímana inni í sínum venjulega skólatíma. Nemendurnir eru þá ekki eins þreyttir og í lok dags og eru afkastameiri og ná betri einbeitingu í tónlistartímunum. Einnig höfðu viðmælendurnir flestir á orði að þessi nýting á skóladeginum minnkaði samkeppnina við tómstundastarfið sem fram fer eftir venjulegan skóladag. Einn af kostunum við samstarf skólanna, sem nefndir voru var hversu hvetjandi þetta kerfi væri. Það að nemandi sé tekinn út úr kennslustund í tónlistarnám virkar hvetjandi fyrir bekkjarfélagana og vinina. Með þessu verður tónlistarnámið sýnilegra öðrum börnum og vekur hjá þeim forvitni og áhuga.

Þau eru svolítið náttúrulega að leita að, þessi er að læra á hljóðfæri og þessi og það verður svona smá meira spennandi ... maður hefur fengið nemendur sem að maður hefði kannski ekkert fengið út af því. Ég var með eina stelpu sem að var mjög dugleg og ég var búinn að fara með henni inn í bekk og spila fyrir krakkana. Það leiddi af sér að ein bekkjarsystirin fékk mikinn áhuga og skráði sig líka í skólann ... (viðmælandi 6).

Eins var rætt um að samspil og hóptímar virkuðu að sama skapi hvetjandi og vektu upp keppnisanda meðal nemandanna svo þau færu jafnvel að æfa sig meira, hjálpast að og þeim færi frekar fram í sjálfru tónlistarnáminu. Viðmælendurnir vildu meina að með þessu samstarfi og kerfi væru þau að fá nemendur í tónlistarnám sem annars hefðu aldrei skilað sér í slíkt nám.

Í rauninni þar hitta nemendur aðra nemendur. Þau eru að spila og mótiverast. Það gerist svo mikið í kringum þetta starf... Í rauninni býrðu til þess stemningu í samspilinu, fyrir náminu og þegar þú kannski missir áhugann aðeins þá hangirðu alltaf inn í þessu og ert í einhverju og maður heldur í rauninni krökkum miklu miklu lengur í þessu (viðmælandi 6).

Aðstöðuleysi sem og samskiptaleysi milli skólanna voru helstu ókostirnir sem nefndir voru. Á einhverjum stöðunum hefur til að mynda enn ekki tekist að samræma skóladagatal skólanna þannig að vetrarfrí og starfsdagur lendi á sömu dögum. Einnig voru nefndir hlutir eins og hljóðfæraeign skólanna og þá kannski sérstaklega stærri hljóðfærin eins og píanó eða flyglar en það reynist erfiðara að komast í góð hljóðfæri í grunnskólunum því ekki er sjálfgefið að þeir státi af slíkri eign. Einn viðmælandinn taldi sig ekki hafa rekist á neinar neikvæðar hliðar þessa fyrirkomulags nema þá einstaka sinnum einn og einn grunnskólakennara sem hefði þá neikvæða afstöðu gagnvart tónlistarnáminu.

Ég hef í rauninni ekki rekið mig á neinar neikvæðar hliðar nema þá einstaka sinnum einn og einn svona grunnskólakennara sem er þá bara með einhverja neikvæða afstöðu gagnvart þessu og í rauninni finnst mér þá að viðkomandi kennari sé að leggja þann skilning í að þetta sé ekki nám heldur hobby (viðmælandi 6).

Í flestum tilvikum reyndist samstarf og samskipti milli skólanna ekki vera mikið og aðeins byggjast á að finna farsælustu lausnina á því að taka nemendur út úr almennum kennslustundum fyrir tónlistarnámið. Í flestum tilfellum var um svo kallaða rúllandi eða róterandi stundaskrá að ræða þar sem að nemendur eru teknir á mismunandi tímum út úr kennslustundum. Þetta er fyrst og fremst hugsað svo nemendurnir séu ekki alltaf að missa úr sömu tímana eða í sama faginu. Viðmælendurnir voru þó ekki allir sammála um gæði rúllandi stundatöflu. Þó voru þeir fleiri sem töldu það kost að geta róterað nemendunum eins og þurfa þætti til dæmis ef nemandi reyndist veikur eða ef próf væri í gangi þá þótti viðmælendunum gott að geta gengið að næsta nemanda og fengið hann í tíma og þannig jafnvel losnað við óþarfa eyður í stundaskrá sinni. Aðrir töldu þetta fyrirkomulag aðeins skapa ringulreið og óvissu. Það reyndist bæði foreldrum og

kennurum erfitt að halda utan um námið og að rúllandi stundaskrá skapaði frekar óöryggi og óvissu hjá nemendum.

...hugmyndin á bak við rúllandi stundatöflur var sú að enginn nemandi ætti að fara of oft úr sama tíma...og alltaf voru nemendur á nýjum og nýjum tíma í hverri viku. Þetta náttúrulega olli allskonar vandræðum. Stundum lentu tímarnir á óhentugum tíma hjá nemendum. Nemendur voru oft að gleyma tímunum af því þeir vissu bara ekkert hvenær þeir áttu að vera og þetta var meira að segja það flókið að það var erfitt fyrir kennarana að halda utan um þetta (viðmælandi 7).

Skólarnir eru yfirleitt reknir sem tvær ólíkar og sjálfstæðar stofnanir og lítil samskipti fara fram milli stjórnenda og starfsfólks. Nokkrir viðmælendanna sögðust reyna að bjóða fram atriði, aðstoð eða samstarf þegar við ætti eins og í kringum árshátíðir og önnur hátíðarhöld en fengju litlar eða engar undirtektir.

Það er ekkert rosalega mikil samvinna í gangi hérna.... Mér þætti alveg gaman ef hún væri meiri. Ég hef sko sent grunnskólakennurum póst og sagt; Ég er að kenna hérna, ég sé að það er árshátíð hjá ykkur fyrst á fimmtudegi. Get ég, er eitthvað sem ég get gert? Og ég hef ekki fengið, þú veist... það væri gaman stundum (viðmælandi 2).

Í heildina virtust viðmælendurnir tilbúnir og allir af vilja gerðir í hverskyns samstarf á milli skólanna. Einn viðmælandinn talaði um að tónmenntakennarinn virkað sem tengiliðurinn á milli skólanna og auðveldara væri að koma á góðu samstarfi ef tónmenntakennari væri til staðar:

[...] og ég lít svo á sem að tónmenntakennari myndi vera mjög mikilvæg brú á milli þessara stofnana (viðmælandi 7).

Þegar spurt var hvort að starfsmenn skólanna funduðu einhverntíman saman eða hvort tónlistarkennararnir fengju einhvern tíman fund með skólastjóra grunnskólans svöruðu flestir viðmælenda því neitandi. Einungis tveir af átta viðmælendum svöruðu því játandi og tveir af viðmælendum sáu ekki tilgang í frekari samræðum á milli skólanna, töldu þær óþarfar og vildu meina að nauðsynlegt væri fyrir tónlistarskólann að halda rými sínu og sjálfstæði. Einn viðmælendanna kom inn á þátt skólastjóra

grunnskólanna í samstarfinu og vildi meina að samstarfið snérist oft um skólastjórann og hans viðhorf. Hann hélt því fram að ef skólastjóri grunnskólans væri tónlistarskólanum velviljaður gengi samstarfið á milli skólanna mun betur og hefði mun meiri möguleika á að blómstra.

Þannig að það er svolítið mikilvægt að þetta sé vel gert. Þannig að það blómstri og verði bara meira og betra, samstarfið. Eins og það getur gert. Það er í rauninni eina sem þarf, að það sé velvilji og það sé unnið að því og þá gerist þetta bara að sjálfu sér. Það verður eitthvað gott til (viðmælandi 6).

4.3.2. Starfsánægja tónlistarkennara

Yfirleitt voru viðmælendurnir sammála um að aðstaðan til kennslunnar væri ekki nægilega góð og að vinnu- og kaffiaðstaða tónlistarkennara væri engan veginn ásættanleg. Einn viðmælendanna hafði á orði að kaffistofan eða kennarastofan væri í raun grunnskólakennaranna og að tónlistarkennurunum fyndist þeir ekki velkomnir þar inni.

Okkur finnst sko þegar að við förum í kaffi þá erum við eins og gestir á kaffistofunni þar hjá þeim (viðmælandi 7).

Þeir hefðu því engan samastað fyrir sig þar sem þeir gætu rætt saman. Hugsanlegt er að ein af ástæðunum fyrir þessari upplifun tónlistarkennara sé einhverskonar stigskipting sem myndast hefur milli þessara tveggja kennarastétta. Ástæðurnar fyrir þessari stigskiptingu gætu verið ólíkur menningarlegur bakgrunnur, ólík kennaramenntun og ólíkir kennsluhættir svo eitthvað sé nefnt. Eflaust ýtir það svo undir að í flestum tilfellum eru það tónlistarskólarnir sem færðir eru inni grunnskólana. Í stað þess að verið sé að sameina tvo skóla og starfsemi þeirra er í raun verið að taka starfsemi eins skóla og setja hana inn í skóla sem fyrir er og starfsemi hans. Skóla sem hefur jafnvel verið starfandi í einhverntíma og er því komið með sinn ákveðna hrynjanda og fast vinnuskipulag. Í raun og veru mætti segja að verið sé að etja saman tveimur ólíkum hópum fólks. Þessir ólíku hópar eru settir saman oft án kynningar eða skipulags og þeim

gert að vinna saman. Í ummælum eins viðmælandans kemur skýrt fram hversu miklu máli almennileg kynning og góð samskipti geta skipt.

Við vorum með fund um daginn þar sem að grunnskólinn og tónlistarskólinn voru saman með svona starfsdag. Þarna var maður að kynna grunnskólakennurum. Maður þarf að vita hvað fólk heitir, þekkja þessi andlit og þá ertu miklu meira í betri aðstöðu til að vinna og hjálpa börnum sem þurfa á einhverju að halda (viðmælandi 2).

Tónlistarkennarar eru í raun með þessu færðir inn í umhverfi sem hentar þeim ekki og þeim oft ýtt út í horn. Tónlistarskólinn hefur jafnvel verið starfandi í eigin eða sér húsnæði og því verður þessi breyting umtalsverð eða eins og einn viðmælandinn orðaði það:

Þegar kemur að fermetrum getur það náttúrulega kannski orðið það sem að er einmitt erfiðast, litlar stofur (viðmælandi 3).

Hugsanlegt gæti einnig verið að grunnskólakennarar upplifi þetta sem truflun á sínu starfi og umhverfi. Samvinna og samskipti bæði milli kennara og stjórnenda skólanna virðast vera af skornum skammti og þar af leiðandi getur farið svo að tónlistarkennarar upplifi sig ekki velkomna og haldi sér til hlés. Í skólunum er þá, eins og fyrir segir, saman kominn stór hópur fólks með ólíkan bæði mennta- og menningarlegan bakgrunn eða eins og einn viðmælandinn orðaði það:

Það er alveg áttak að vera tillitsamur við marga í einu en ég meina það verða bara allir að gera það samt en ég meina að maður skilur alveg að fólk ætli að vinna einhvern slag með einhverri hörku (viðmælandi 5).

Flestir viðmælendurnir töluðu um að tæknibúnaður skólanna væri úreltur og ekki í takt við tímann. Nauðsynlegt væri því að tónlistarskólarnir uppfærðu sig í takt við tímann hvað varðar vinnutölvur, forrit, upptökubúnað og fleira er viðkemur tækni og tónlist. Hjá aðeins einum af viðmælendum hafði verið ráðist í það verkefni að byggja nýja grunnskóla þar sem fyrirfram var gert ráð fyrir tónlistarskólanum og starfsemi hans innan grunnskólans. Þar var því að finna sér aðstöðu fyrir tónlistarskólann og hafði þetta verið gert í tveimur af þeim þremur skólum sem viðkomandi starfaði í. Hafði hann

á orði að þessi aðstaða væri alveg til fyrirmyndar en taldi ástæðuna vera að þetta samstarfskerfi, að kenna tónlist inni í grunnskólunum væri orðið svo rótgróið á þessum stað að þetta hefði verið sjálfsagt framhald. Þó var svo komið að í tveimur af þremur stöðum höfðu grunnskólarnir tekið til sín eina af þeim þremur stofum sem ætlaðar voru undir tónlistarskólann vegna skorts á rými.

[...] stundum þarf grunnskólinn meira pláss og þá er gengið á tónlistarskólann (viðmælandi 6).

Á tveimur stöðum þar sem einnig er verið í stefnumótunarvinnu hefur tónlistarskólinn fengið aðstöðu út af fyrir sig ásamt list- og verkgreinunum og jafnvel bókasafninu. Þessi aðstaða er jafnvel í öðru húsnæði á skólalóðinni og voru viðmælendurnir nokkuð sáttir með þessa lausn þar sem að meira næði skapaðist þá til tónlistarkennslunnar og tónlistarkennslan öðlaðist með þessu sitt fasta rými svo kennararnir upplifðu sig ekki eins hornreka.

Oftar en ekki var þó aðstöðuleysið það helsta er skapaði óánægju með þetta fyrirkomulag, tónlistarskólinn inni í grunnskólanum, væri. Einn viðmælandinn orðaði það þannig að:

Húsnæðið er ekki hentugt fyrir okkur af því að það var ekki byggt til þess að vera tónlistarskóli og okkur er í rauninni troðið út í horn (viðmælandi 7).

Þó svo að á flestum stöðum sé orðið gert ráð fyrir tónlistarskólanum innan grunnskólans upplifa kennarar sig hornreka og líður eins og þeim sé holað einhverstaðar niður þar sem ekki er nægt pláss og þeir færðir til eftir þörfum grunnskólans. Svo virðist sem þeim sé oftast en ekki úthlutað því plássi sem grunnskólinn kærir sig ekki um að nota nema í neyð. Einn viðmælandinn orðaði það svo þegar við ræddum um þær kennslustofur sem tónlistarkennurum væri úthlutað:

Það er eins og skólastjórinn og það fólk hafi aldrei komið þarna (viðmælandi 2).

Annar viðmælandi orðaði það þannig að:

Þótt við séum í skólanum þá erum við ekki í skólanum (viðmælandi 1).

Viðmælendunum fannst yfirleitt skipta máli að kennslustofurnar væru hlýlegar og tækju vel á móti nemendum og töluðu um nauðsyn þess að börnin upplifðu sig eins og þau væru að koma í tónlistarskólann. Einn viðmælandinn talaði um að það þyrfti ekki endilega að vera svo kostnaðarsamt að gera kennslustofurnar hlýlegar og annar viðmælandi hafði orð á því að það væri ekkert endilega nauðsynlegt að hafa stofurnar of vel búnar hljóðfærum og græjum, minna væri oft meira og gott væri fyrir nemendurnar að upplifa líka að ekki væri alltaf allt til sem á þyrfti að halda.

Það þarf því ekki að vera óyfirstíganlegt eða kostnaðarsamt að auka starfsánægju tónlistarkennaranna þannig að þeir upplifi sig sem hluta af starfshópi grunnskólanna. Að hugað sé að kennslu umhverfi tónlistarkennaranna, ásamt samskiptaáætlun og sameiginlegum fundum kennara og stjórnenda skólanna, ætti að stuðla að betri samskiptum milli kennara og bæta starfsánægju tónlistarkennaranna. Þetta ætti að auðvelda öllum samstarfið og gera alla kennara hæfari til að mæta þeim kröfum sem felast í menntun grunnskólabarna.

5. UMRÆÐUR OG ÁLYKTANIR

Tónlistarskólarnir gegna veigamiklu hlutverki í samfélaginu, sérstaklega á landsbyggðinni þar sem þeir verða oft þungamiðja samfélagsins. Það er þó kominn tími á einhverjar breytingar eða uppfærslu á kerfinu og þær jafnvel þegar hafnar en nauðsynlegt er þó að það gleymist ekki að halda í það góða kerfi sem við höfum.

Markmiðið með rannsókn þessari var að skoða hvernig að samstarfinu milli tónlistarskólanna og grunnskólanna væri háttað og hvort verið væri að framfylgja þeim kröfum er settar eru fram í aðalnámskrám skólanna sem og lögum og reglum er varða starf skólanna.

Viðmælendur rannsóknarinnar voru yfirhöfuð mjög jákvæðir gagnvart samstarfi skólanna og töldu þeir helstu kostina vera vinnutímann, betri aðgangur að nemendum og að tónlistarnámið verður sýnilegra og getur þannig virkað hvetjandi fyrir aðra nemendur. Vinnutímann töldu þeir ekki einungis vera kost fyrir sig heldur einnig fyrir nemendurnar og foreldra þeirra. Eins töluðu þeir um að þetta minnkaði samkeppnina við tómsundirnar sem fara fram eftir venjulega skólatíma. Gallar samstarfsins voru viðmælendum mínum ekki eins ofarlega í huga en kom þó á daginn að þau töldu samskipta- og skipulagsleysi milli grunnskóla og tónlistarskóla sem og aðstöðuleysi tónlistarkennslunnar í grunnskólunum vera helstu galla samstarfsins. Svo virðist sem tónlistarkennurum finnist þeir oft á tíðum hornreka á sínum eigin vinnustað. Þeir upplifa sig sem einhverju sem hægt er að ýta til hliðar og þeir færðir til eftir hentugleika. Það er ekki laust við að vangaveltur vakni um -hvaða áhrif þetta hafi eða geti haft á sjálfsmynd tónlistarkennarans og ímynd sjálfs starfsins og tónlistarnámsins. Hugsanlega gæti þessi svokallaða tómsundarvæðing tónlistarnámsins verið afleiðing þessa. Auðvita má ætla að tómsundavæðing námsins sé samfélagslega spröttið en líklegra er þó að ástæðan liggi hjá tónlistarskólanum og sjálfum tónlistarkennaranum en þar getur sjálfmynd tónlistarkennarans eða ímynd tónlistarskólans hæglega spilað stóran þátt. Tónlistarkennarar eiga í sífelldri baráttu fyrir tilverurétti sínum og er því hætta á að þeir veigri sér við að gera kröfur á nemendur sína og eins að nemendurnir fara að líta á námið sem tómsund sem ekki þarf að sinna utan tónlistartímanna. Þetta þarf þó ekki að vera ástæðan fyrir tómsundavæðingu tónlistarnámsins. Það má einnig

velta vöngum yfir því hvort sífellt meiri kröfur um fjölbreyttara tónlistarnám eigi einhvern þátt í tómstundavæðingunni eða breytt afþreying nemendanna, sem eyða sífellt meiri tíma í tölvum og við sjónvarp. Þó voru allir viðmælendurnir sammála um að aðstaða eða staðsetning tónlistarskólanna hefði engin áhrif á ástundun nemendanna eða aðhald foreldranna. Öll töldu þau það vera persónubundið og fara eftir hverjum og einum einstakling.

Í kaflanum um samþættingu skólanna er vitnað í leiðbeiningar sem Samband íslenskra sveitarfélaga sendi frá sér um samrekstur skólanna og er þar talað um nauðsyn þess að skilgreina hvaða ávinningi sé verið að stefna að með samrekstrinum, og að áætlun um skipulag og markmið með samstarfinu liggi fyrir. Í *Aðalnámskrá tónlistarskólanna* (Almenntur hluti, 2000) er einnig talað um nauðsyn markvissrar og vel skipulagðrar samvinnu og að aðstaða til kennslunnar sé góð. Eins kemur fram í námskránni að ætlast sé til að allir tónlistarskólar geri skólanámskrá sem innihaldi hlutverk, stefnu og markmið skólans (sjá bls. 18, kafla 2.2.2). Niðurstöður viðtalanna gefa til kynna að skólarnir séu ekki að sinna þessum kröfum sem skyldi. Það kemur töluvert á óvart að tónlistarskólarnir skuli ekki standa betur að vígi varðandi skólanámskrár og gerð þeirra, samvinnu milli skólanna og almennt skipulag á starfi þeirra og samskiptum sín á milli. Almennur hluti Aðalnámskrárinnar kom út árið 2009 og hafa tónlistarskólar því haft góðan tíma til að bregðast við þessu.

Að sameina tvo skóla með svo ólíka innbyrðis starfsemi hlýtur að kalla á miklar breytingar á starfsemi beggja skóla og er talað um að þeir skólar sem hafa undirgengist miklar breytingar á starfsemi sinni séu einmitt þeir sem séu í hvað mestri þörf fyrir stefnumótun og markmiðssetningu. Eins og segir hér að framan í kaflanum um stefnumótun og markmiðssetningu (bls. 22) er mikilvægt að allir séu samstíga í framkvæmdum á borð við sameiningu skólaflokkanna og að skólaflokkur sé nauðsynlegur til að allir séu með sitt hlutverk á hreinu. Svör viðmælenda minna benda hinsvegar til að það sé allur gangur á skólaflokkum skólanna og lítið sé um að skólarnir setji sér markmið sem farið sé eftir.

Það kemur einnig þó nokkuð á óvart að eftirlit með tónlistarskólum sé ekki meira og ekki reyndist auðvelt að nálgast tölulegar upplýsingar um tónlistarskólana síðustu ár. Samkvæmt lögum um fjárhagslega stuðning til tónlistarskólana (nr. 75/1958) segir að

Mennta- og menningarmálaráðuneytið eigi að fara með faglega umsjón og eftirlit með tónlistarskólunum. Það eftirlit virðist hvergi sjáanlegt og væri hugsanlega efni í aðra rannsókn. Í verklagsreglunum (bls. 19) sem Menntasvið Reykjavíkurborgar setti um samstarf skólanna er talað um að skólarnir geri með sér samkomulag um fyrirkomulag kennslu, áherslur í starfi og samskipti við foreldra og nemendur. Þar sem samstarf skólanna er orðið nokkuð algengt, má í raun velta fyrir sér hvers vegna verklagsreglur af þessu tagi eru ekki til hjá hverju því sveitarfélagi sem ákveðið hefur að samþætta skóla sína. Það er ekki þar með sagt að sömu verklagsreglur eigi að gilda um allt land heldur ættu verklagsreglur menntasviðs Reykjavíkurborgar að virka fordæmisgefandi og hvetjandi fyrir önnur sveitarfélög. Reyndar má þá einnig segja að ekki sé eingöngu nóg að hafa verklagsreglurnar, því eftirlit með samstarfinu er nauðsynlegt sem og að einhver eftirfylgni sé á framkvæmd verklagsreglnanna en því gætu skólastjórar skólanna hæglega komið að og sinnt því starfi.

Í kaflanum Samþætting skólastiga er fjallað um frumvarp til laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla sem lagt var fyrir alþingi 1974-75 og er í því talað um að tónlistarnám geti hæglega skipst í grunnskólanám, framhaldsnám og loks háskólanám. Þar sem fyrsta stig tónlistarkennslu færi fram innan grunnskólanna, framhaldsstigið væri í boði á að minnsta kosti einum stað í hverjum landshluta og að háskólanámið yrði á einum til tveimur stöðum á landinu. Hefur þróunin í tónlistarnámi virkilega ekki verið meiri á síðustu áratugum? Ekki er annað að sjá en að verið sé smátt og smátt að koma þessari hugmynd í framkvæmd. Tónlistarskólarnir eru smám saman allir að færast inn í grunnskólana, framhaldsnámið er reyndar enn í lausu loft en hver veit nema tilkoma tónlistarmenntaskólans sé upphafið á lausn framhaldsnámsins og háskólanámið er allt komið á einn stað í Listaháskóla Íslands. Ég geri mér ekki grein fyrir hvort þetta er gott eða slæmt eða hvernig best er að standa að tónlistarnámi í landinu en hefði þó haldið að meiri þróun og nýrri hugmyndir væru í vinnslu.

Viðmælendunum var nokkuð tíðrætt um gæði tónlistarskólakerfisins á Íslandi og nauðsyn þess að varðveita það sem hefur áunnist í málefnum tónlistarskólanna í árána rás. Breytingar vekja oft ótta hjá fólki við að það sem koma skuli sé ekki eins og gott og það sem fyrir er. Þar sem að tónlistarkennarar hafa ekki lög yfir starfsemi tónlistarskólanna eða þátttöku ríkis og sveitarfélaga og eins hafa þeir ekki lögvermdað starfsheiti er ótti þeirra skiljanlegur þar sem þeir hafa í raun ekkert öruggt í höndunum.

Með breytingum á skólakerfinu undanfarin ár hefur ekki eingöngu þrýstingurinn á samstarf grunnskóla og tónlistarskóla aukist heldur einnig á hópkenndu í tónlist. Tónlistarkennarar hafa hinsvegar viljað halda í einkakennsluna kannski af ótta við að með hópkenndunni fjölgi nemendunum og kennsluskylda kennaranna aukist á kostnað kennslutímans líkt og gerst hefur í Noregi. Hvernig hægt er að halda upp góðri tónlistarkennslu á aðeins 20 mínútum á viku með kennsluskyldu upp á fimmtíu nemendur er engan veginn raunhæft og því nauðsynlegt að tónlistarkennarar standi vörðum um tónlistarskólakerfið og að þær breytingar sem eigi sér stað á kerfi þeirra séu vel ígrundaðar og skipulagðar.

Ef þetta samstarf grunnskólanna og tónlistarskólanna er það sem kom skal er hæglega hægt að standa betur að samþættingunni og skipulaginu þannig að tónlistarkennurunum líði betur og að kraftar þeirra nýtist betur í samstarfinu sem myndi þá á móti skapa fjölbreytt og skemmtilegt skólaumhverfi. Með því að setja niður verklagsreglur á samþættinguna og kynna samstarfið vel fyrir bæði kennurum, nemendum og foreldrum verða allir meðvitaðri um til hvers er ætlast af þeim. Sameiginlegir fundir grunnskólakennara og tónlistarskólakennara reglulega yfir starfstímann yrðu til þess að samskipti milli kennara myndu aukast og að sá stéttarmunur er ríkir á milli þeirra myndi minnka. Eins ætti að vera hægt að skapa tónlistarkennurum fastan stað og sess í skólanum svo að þeir upplifi sig ekki eins hornreka. Tónlistarskólarnir sjálfir mættu vinna meira saman að innra starfi skólanna og deila hugmyndum sínum um það hvað virkar vel hjá þeim og hvað ekki í stað þess að hver skóli sé sífellt að vinna í sínu horni að leita að lausnum.

Fróðlegt væri að vita hver upplifun skólastjórnenda af samstarfi skólanna er og hvernig þeir sjá fyrir sér samstarfið og framtíð þess. Væri þetta hugsanlega efni í aðra rannsókn. Eins væri gaman að rannsaka betur sjálfmynd tónlistarkennarans með það að sjónarmiði að skoða hvaða áhrif hún hefur á tónlistarkennslu hans. Vinnustaðamenning í samþættingu skólum er eitthvað sem fróðlegt væri að skoða betur og það hvernig hún myndast og hvaða áhrif hún hefur á líðan kennara og starf hans.

Það er von rannsakanda að rannsókn þessi verði til að hreyfa við fólki hvað varðar skipulag, markmiðssetningu og stefnumótun í samstarfi skólanna. Það er greinilegt að

Þessum þætti virðist vera virkilega ábótavant í skólakerfinu og þó að tónlistarkennarar hafi jákvæðar skoðanir og viðmót varðandi samstarf skólanna virðist þeim ekki líða nógu vel í þessu samstarfi og gætu með betri samskiptum verið mun meiri þátttakendur í almennu skólastarfi skólanna.

HEIMILDASKRÁ

Abril, Carlos R. og Gault, Brent M.(2005). *The State of Music in the Elementary School: The Principal's Perspective*. JRME (spring 2005), volume 54, number 1, pp.6-20. Sótt af <http://journals.sagepub.com/doi/pdf/10.1177/002242940605400102>

Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. (2009). *Tíminn eftir skólann skiptir líka máli*. Um tómstundir og frítíma nemenda í 1., 3., 6. og 9. bekk grunnskóla. Netla, Vef tímarit um uppeldi og menntun. Sótt af: <http://netla.hi.is/greinar/2009/010/index.htm>

Anna Kristín Sigurðardóttir (2013). Skóli sem lærdómssamfélag. Í Rúnar Sigbórsson, Rósa Eggertsdóttir, Guðmundur Heiðar Frímannsson (ritstj.). *Fagmennska í skólastarfi* (bls. 35-53). Reykjavík: Háskólinn á Akureyri, Háskólaútgáfan.

Aron Ingi Guðmundsson. (2018). *Fimmtugur tónlistarskóli*. Fréttablaðið 13. janúar 2018. Sótt af <http://www.visir.is/g/2018180119530>

Aróstegui, J. L. (2016). *Exploring the global decline of music education*. Arts Education Policy Review. Vol. 117, NO. 2. Sótt af <http://web.a.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?vid=1&sid=964e1626-926d-4ae2-b22c-616f5ce64970%40sessionmgr4006>

Bamford, Anne. (2011). *Skýrsla list- og menningarfræðslu á Íslandi*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Bern, J. (e.d.). Jeki Bern program. Sótt af <http://www.konsibern.ch/jeki-bern/programm/>

Biography. (e.d.). Professor Anne Bamford. Sótt af http://www.rcsouthwark.co.uk/prof_anne_bamford_biog.pdf

-
- Börkur Hansen. (2016). Forysta og skólastarf. Í Rúnar Sigbórsson, Rósa Eggertsdóttir, Guðmundur Heiðar Frímannsson (ritstj.). *Fagmennska í skólastarfi* (bls. 77-92). Reykjavík: Háskólinn á Akureyri, Háskólaútgáfan.
- Creswell, John W. (2013). *Qualitative inquiry & research design, Choosing among five approaches*. (3. útgáfa). USA: SAGE Publications.
- Eggert Björgvinsson. (2014). *Stjórnsýsla tónlistarkennslu í grunn- og tónlistarskólum*. (Meistarprófsritgerð). Háskóli Íslands. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/17678>
- Félag tónlistarkennara. (2015). *Skýrsla stjórnar*. Sótt af http://www.ki.is/images/Skrar/KI/Arsfundir_og_thing/2008/Skolastefna.pdf.
- FT. (2009). *Greining á kerfi tónlistarskóla á Íslandi*. Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum. Reykjavík. (óútféið).
- Fribb, Robert. (2001). *Foreword*. Í Lucy Green. *How Popular Musicians Learn: A Way Ahead for Music Education*. Sótt af: https://books.google.is/books?id=vr-v4sY7MMYC&printsec=frontcover&hl=is&source=gbs_ge_summary_r&cad=0#v=onepage&q&f=false
- Gerber, Joyce and Adorney, Julian. (2011). *Should art & music be mandatory in schools?* Junior Scholastic bls.9. 14.mars 2011. USA. Sótt af <https://search.proquest.com/docview/856832869/fulltextPDF/46972A26650B4E1DPQ/1?accountid=26425>
- Gerður G. Óskarsdóttir. (1999). *Mat á skólastarfi - Hvað og hvernig?* Fræðslumiðstöð Reykjavíkur. Sótt af https://rafhlan.is/bitstream/handle/10802/9025/mat_a_skolastarfi_0.pdf?sequence=1
- Guðmundur Heiðar Frímannsson, Rósa Eggertsdóttir, Rúnar Sigbórsson. (2013). „Miðlarar menntunar, siðferðilegir vegvísar og fyrirmyndir“ Viðtal við Trausta

Þorsteinsson. Í Rúnar Sigþórsson, Rósa eggertsdóttir, Guðmundur Heiðar Frímansson (ritstj.). *Fagmennska í skólasterfi* (bls. 35-53). Reykjavík: Háskólinn á Akureyri, Háskólaútgáfan.

Halliday, J. (2017). *How to improve the school results: not extra maths but music, loads of it*. Birt í The Guardian 3.október 2017. Bradford. England. Sótt af <https://www.theguardian.com/education/2017/oct/03/school-results-music-bradford>

Helga Jónsdóttir. (2016). Viðtöl í eiginlegum og meginlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritsj.). *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls.137-153). Akureyri: Háskólinn á Akureyri

Helga Rut Guðmundsdóttir. (2008). *Útbreiðsla tónmenntakennslu, aðstæður og viðhorf: Viðtöl við skólasterjóra og tónmenntarkennara í íslenskum grunnskólum*. Tímarit um rannsóknir, 5. árgangur. Sótt af http://fum.is/wp-content/uploads/2010/09/04_helga1.pdf

Inga Dóra Sigfúsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir. (2004). *Um gildi tónlistanáms fyrir íslensk ungmenni*. Rannsóknir og greining ehf. Reykjavík. Sótt af https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/8110/Um-gildi-tonlistarnams-fyrir-islensk-ungmenni_2004.pdf?sequence=1

Lillehammer Kulturskole. (2013-2014). Fagplan 2013-2014. Sótt af <http://www.lillehammer.kommune.no/getfile.php/2387312.1850.tdscyqsfy/Fagplan+2013-2014.pdf>

Lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985

Lög um grunnskóla nr. 91/2008

Lög um leikskóla nr. 90/2008

Lög um tónlistarskóla nr.22/1975

Lyngby-Taarbæk Musikskole. (e.d.). Sótt af <https://lt-musikskole.dk/>

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2000). *Aðalnámskrá tónlistarskóla: Almennur hluti 2000*. Reykjavík

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Frumvarp til laga um tónlistarskóla*
Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/Frv_tonlistarskolar_drogivinnslu20130115.pdf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013b). *Kynning á tillögu nefndar um frumvarp til laga um tónlistarskóla*. Sótt af <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/7371>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2017). *Réttur nemenda til kennslu í list- og verkgreinum ekki nægilega virtur*.
Sótt af <https://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/8708>.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Samkomulag um eflingu tónlistanáms og jöfnun á aðstöðumun nemendua til tónlistanáms*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2011/Samkomulag-um-tonlist-2011-undirritad.pdf>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Viðauki við samkomulag um eflingu tónlistarnáms og um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga*. Sótt af <https://www.althingi.is/alttext/erindi/144/144-2355.pdf>

Menntasvið Reykjavíkurborg. (2010). *Samstarf grunnskóla og tónlistarskóla, Tillögur starfshóps um verklagsreglur*. Sótt af

-
- http://reykjavik.is/sites/default/files/yemis_skjol/skjol_utgefid_efni/sk_rslastarfshopsumsamstarftongogrunn.pdf
- Mintzberg, H. Ahlstrand, B. Lampel, J. (2009). *Strategy Safari* (2. útgáfa). Great Britain: Prentice Hall.
- Norsk Kulturskolerad. (2016). Rammeplanen. Sótt af <http://www.kulturskoleradet.no/rammeplanseksjonen/rammeplanen#Kulturskole> noggrunnopplæringa
- Ólafur H. Jóhannsson. (2013). Skólamenning og skólaþróun í ljósi nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla. Í Rúnar Sigþórsson, Rósa eggertsdóttir, Guðmundur Heiðar Frímansson (ritstj.). *Fagmennska í skólasterfi* (bls. 35-53). Reykjavík: Háskólinn á Akureyri, Háskólaútgáfan.
- Porter, M. (2009). Í Mintzberg, Ahlstrand, Lampel. *Strategy Safari* (bls.34). (2. útgáfa). Great Britain. Prentice Hall
- Prófanefnd tónlistarskóla. (2016). Aðild að prófanefnd tónlistarskóla. Sótt af <http://www.profanefnd.is/um-adild.htm>
- Prófanefnd tónlistarskóla. (e.d.) Forsíða. Sótt af <http://www.profanefnd.is/index.htm>
- Prófanefnd tónlistarskóla. (2017). Prófanefnd tónlistarskóla. Sótt af <http://www.profanefnd.is/umprof.htm>
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (2009). *Leiðbeiningar fyrir rekstraraðila vegna samrekstur leik-, grunn- og tónlistarskóla*. Sótt af http://www.samband.is/media/skolamal/Samrekstur_Leidbeiningar.pdf
- Sigríður Halldórsdóttir. (2016). Fyrirbærafraði sem rannsóknaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.). *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls.281-297). Akureyri: Háskólinn á Akureyri

Sigríður Halldórsdóttir. (2016). Yfirlit yfir eigindlegar rannsóknararðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritsj.). *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 239-249). Akureyri: Háskólinn á Akureyri

Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir. (2016). Réttmæti og áreiðanleiki í meginlegum og eigindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritsj.). *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 211-227). Akureyri: Háskólinn á Akureyri

The Royal Conservatory. (2014). *The Benefits of Music Education, An overview of Current Neuroscience Research*. Canada. Sótt af https://www.rcmusic.com/sites/default/files/RCM_MusicEducationBenefits.pdf

Tónlistarskóli Húsavíkur. (2006). Brot úr sögu Tónlistarskóla Húsavíkur. Sótt af <http://www.tonhus.is/?mod=sidur&mod2=view&id=27>

Unnur Guðrún Óttarsdóttir. (2016). Grunduð kenning og teiknaðar skýringarmyndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.). *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls.361-375). Akureyri: Háskólinn á Akureyri

Vanda Sigurgeirsdóttir. (2010). *Skilgreining á hugtakinu tómstundir*. Ráðstefnurit Netlu. Sótt af: <http://netla.hi.is/menntakvika2010/025.pdf>

Þingskjal nr.418/1974-1975. Frumvarp til laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Nr. 224.

Þingskjal nr. 321/2007-2008. Frumvarp til laga um leikskóla. Nr. 287

Þórir Þórirsson og Sigurgrímur Skúlason. (2002). *Hljóðfæranám sem hluti af samfeldum skóladegi – Tilraunaverkefni í 9 grunnskólum í Reykjavík skólaárið 2001-2002*. Sótt af: http://www.musik.is/Pistlar/thorir_1.html

VIÐAUKAR

Í þessum kafla má finna Kynnisbréf sem sent var þátttakendum rannsóknarinnar, spurningaramma sem notaður var í viðtölunum.

VIÐAUKI 1 – KYNNINGARBRÉF TIL ÞÁTTTAKENDA



Kynningarbréf vegna viðtala

Rannsóknarefni: Samþætting grunn- og tónlistarskóla á Íslandi – Kostir þess og gallar

Upplýsingar um verkefni: Ég heiti Jóhanna Marín Óskarsdóttir og er meistaranemi í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst. Ég er um þessar mundir að vinna að lokaverkefni mínu, sem er 30 eininga verkefni til MA gráðu í menningarstjórnun.

Í rannsókn minni leitast ég við að skoða samþættingu grunn- og tónlistarskólanna. Hvernig að samþættingunni er staða, skipulag hennar, aðstöðu til kennslunnar og áhrif slíkrar samþættingar á sjálft tónlistarnámið og gæði þess. Markmiðið með rannsókn þessari er að vege og meta kosti og galla þess að færa tónlistarskólana inní grunnskólana.

Rannsóknaraðferðin sem ég notast við er grunduð kenning (grounded theory) þar sem upplýsingum er safna úr ýmsum áttum og þær bornar saman. Einnig notast ég við eigindleg viðtöl slembiúrtaks tónlistarkennara er kenna í tónlistarskólum starfræktum innan grunnskóla héðan og þaðan af landinu. Viðtölin ættu ekki að taka meiri tími en um 30 mínútur og biður rannsakandi um samþykki þitt fyrir að fá að nota þær upplýsingar er fram koma í viðtalinu. Einnig biður hann um leyfi fyrir að fá að vitna orðrétt í það sem viðmælandi kann að segja í viðtalinu.

Heitið er algörum trúnaði og nafnleynd en viðmælanda ber engin skylda til þátttöku og má hætta hvenær sem hann vill, kjósi hann það. Einnig er honum frjálst að víkja sér undan einstaka spurningum.

Siðferði: Farið er eftir siðareglum Háskólans á Bifröst (<http://www.bifrost.is/um-haskolann/stjornsysla-og-skipulag/sidareglur/>).

Ef einhverjar spurningar vakna vegna viðtalsins, rannsóknarinnar eða annars er þessu viðkemur er hægt að ná í mig í síma 694 4222 eða í netfangið jmo16@bifrost.is

Samþykki: Ég undirrituð/undirritaður hef kynnt mér kynningarbréf þetta og er kunnugt um markmið og tilgang rannsóknarinnar. Ég veiti samþykki mitt fyrir því að rannsakandi noti þær upplýsingar sem koma fram í viðtalinu. Auk þess samþykki ég að vitnað sé beint í það sem ég segi í viðtalinu.

Staður og dagsetning: _____

Nafn viðmælanda: _____

Símanúmer // Netfang: _____

VIÐAUKI 2 – SPURNINGARAMMI FYRIR VIÐTÖL

Spurningar til tónlistarkennara er kenna innan grunnskóla

- 1) Segðu mér örlítið frá sjálfri/sjálfum þér. Þínum bakgrunni og starfi í dag
- 2) Hver er þín sýn á hlutverk tónlistarskólanna?
- 3) Geturðu borið saman, samkvæmt reynslu þinni, kosti þess og galla að reka tónlistarskóla innan grunnskólanna
- 4) Hvernig er tónlistarkennslunni háttað í þessum skóla þ.e. spilatímar tónfræði, tónheyrn o.s.frv.
- 5) Hvernig hefur tónlistarskólinn skilgreint starfssvið sitt og markmið í skólanámskrá?
- 6) Hvernig er samvinnunni milli grunnskólans og tónlistarskólans háttað?
- 7) Hvernig er samvinnan milli skólanna skipulögð?
- 8) Hvernig hefur samskiptum við sveitastjórn/skólanefnd verið háttað?
- 9) Hvernig er aðstaðan og næðið til tónlistarkennslunnar?
- 10) Hvernig er samstarfinu á milli tónmenntarkennslunnar og tónlistarkennslunnar háttað?
- 11) Hvernig er staðið að því að taka nemendur út úr kennslustundum fyrir tónlistarnámið?
- 12) Hver eru samskiptin við foreldra og þátttaka þeirra í námi barnanna?
- 13) Finnur þú mun á ástundun og áhuga nemandans eftir því hvort hann er í tónlistarskóla í sérhúsnæði eða innan grunnskólans og í hverju liggur sá munu?
- 14) Er eitthvað sem þú vilt bæta við í lokinn?





HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY

